



Á R S K Ý R S L A

2001

REYKJAVÍK 2002

Prentun og bókband:
STEINDÓRSPRENT-GUTENBERG EHF.

Gefið út af Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Símbréf: 569 9605

Veffang: www.sedlabanki.is

EFNISYFIRLIT

- 5 I *Stefnan í peningamálum*
 Rammagrein:
6 Ný lög um Seðlabanka Íslands og breytingar á
 umgjörð peningastefnunnar
7 Yfirlýsing um verðbólguþröskulmörk og breytta gengis-
 stefnu frá 27. mars 2001
- 18 II *Fjármálakerfið*
 Rammagrein:
19 Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfinu
- 30 III *Ýmsir þættir í starfsemi Seðlabanka Íslands*
 Rammagrein:
41 Ný vaxtalög
- 45 IV *Afkoma Seðlabanka Íslands, stjórn og*
 starfslið
- 53 *Ársreikningur Seðlabanka Íslands*
 fyrir árið 2001
- Viðaukar:*
67 Fjármálaannáll ársins 2001
72 Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2001
74 Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2001
75 Töfluviðauki (sjá yfirlit á bls. 76)

STEFNAN Í PENINGAMÁLUM

I

Peningastefnan var enn aðhaldssöm á árinu 2001, þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi tvívegis lækkað vexti. Skýr merki þess að farið væri að draga úr ofpenslu komu fram þegar leið á árið. Mikið ójafnvægi var þó enn til staðar, eins og glögglega mátti sjá á viðskiptahalla, sem gróf undan gengi krónunnar, útlánaþenslu og meiri verðbólgu en mælst hafði í áratug. Stefna stöðugs gengis sem reynst hafði vel við að kveða niður verðbólgu á síðasta áratug 20. aldar og að skapa stöðugleika hentaði ekki lengur nýjum aðstæðum í efnahagslífinu. Því var ráðist í grundvallarbreytingar á undirstöðum peningastefnunnar sem tóku gildi í lok mars þegar tekið var upp formlegt verðból gumarkmið og gengi krónunnar var sett á flot.

Verðból gumarkmið leysti fastgengisstefnu af hólmi í mars

Þáttaskil urðu í sögu gengismála og framkvæmd peningastefnu á Íslandi þegar formlegt verðból gumarkmið var tekið upp og horfið var frá því að nota stöðugt gengi sem millimarkmið og akkeri peningastefnunnar. Gengisstöðugleiki hafði verið kjölfesta peningastefnunnar með einhverju móti nánast öll þau ár sem liðin voru frá því að krónan varð til sem sjálfstæður gjaldmiðill, þótt sveigjanleikinn hafi stundum verið svo mikill að jaðraði við flot.

Ákvörðun um að taka upp verðból gumarkmið átti sér nokkurn aðdraganda. Ljóst var að afnám hafta á fjármagnshreyfingar um miðjan sl. áratug torvelaði framkvæmd peningastefnu á grunni gengisstöðugleika við vissar aðstæður. Erfiðleikar komu einnig í ljós við framkvæmd peningastefnunnar á árunum 1999 og 2000, þegar gengisstefnan virtist vera orðin fjötur um fót því meginmarkmiði Seðlabankans að halda verðlagi stöðugu. Gengi krónunnar tók svo að lækka á árinu 2000, þrátt fyrir mikil inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði. Á fyrsta fjórðungi ársins 2001 var gjaldeyrisstaða bankans orðin veik, ekkert lát var á útstreymi gjaldeyris og gengi krónunnar nálægt lægri mörkum vikmarka gengisstefnunnar, sem leyfði 9% frávik til hvorrar áttar frá miðgildi hinnar opinberu gengisvísitölu. Þá var orðið nokkuð ljóst að erfitt yrði að verja vikmörkin öllu lengur.

Hinn 27. mars ákváðu ríkisstjórnin og Seðlabankinn að fara að dæmi fjölda landa sem á undanförunum árum höfðu tekið upp verðbólgu-markmið og láta gengi krónunnar fljóta. Undirbúningur að hugsanlegri breytingu hafði staðið yfir um nokkurt skeið innan Seðlabankans, enda bentu rannsóknir til að verðbólgu-markmið myndi henta Íslandi betur en einhliða fastgengisstefna. Ákveðið var að verðbólgu-markmið bankans yrði 2,5%, sbr. rammagrein nr. 2, og að því skyldi náð eigi síðar en árið 2003. Einnig voru skilgreind þolmörk, þ.e.a.s. 1,5% frávik til hvorrar áttar. Færi verðbólgan út fyrir þolmörkin bæri Seðlabankanum að senda greinargerð til ríkisstjórnar og skýra ástæður þess, leggja mat á hvenær verðbólgu-markmiðinu yrði náð á ný og gera grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum í því skyni. Þessa greinargerð skal birta opinberlega. Í ljósi aðstæðna sem ríktu þegar verðbólgu-markmiðið var tekið upp voru efri þolmörkin þó höfð hærri fyrst í stað og mátti verðbólgan vera allt að 6% það sem eftir lifði ársins 2001 og 4,5% árið 2002, án þess að krafist væri sérstakrar greinargerðar Seðlabankans. Á sama tíma var sjálfstæði Seðlabankans til að taka ákvarðanir um framkvæmd peningastefnunnar eftl til muna, sbr. rammagrein nr. 1. Um leið og þessar breytingar voru kynntar var ákveðið að lækka vexti um ½ prósentustig.

Ný lög um Seðlabanka Íslands og breytingar á umgjörð peningastefnunnar

Hinn 27. mars 2001 birtu Seðlabankinn og ríkisstjórn Íslands sameiginlega yfirlýsingu þar sem lýst var umfangsmiklum breytingum á framkvæmd peningastefnunnar á Íslandi (sjá ramma 2). Þá lá jafnframt fyrir frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands þar sem kveðið var á um heimild til þess að taka upp verðbólgu-markmið sem grundvöll peningastefnunnar. Alþingi afgreiddi frumvarpið í maí og ný lög um Seðlabanka Íslands tóku gildi 23. maí 2001. Þau komu í stað laga frá árinu 1986. Saman fela nýju lög og yfirlýsingin í sér grundvallarbreytingar á umgjörð og framkvæmd peningastefnunnar og stöðu Seðlabankans innan stjórnkerfisins. Líta má á þær sem viðbrögð við breytingum á efnahagsumhverfi landsins, á innlendu og alþjóðlegu fjármálaumhverfi og breytingum sem orðið hafa á framkvæmd peningamála víða um heim á síðasta áratug.

Nýju lög in einfalda og skýra markmið bankans. Með þeim eru Seðlabankanum sett sambærileg markmið og seðlabönkum í helstu viðskiptalöndum. Verðstöðugleiki er skilgreindur sem meginmarkmið peningastefnunnar. Þetta markmið er skilgreint nánar í fyrirnefndri yfirlýsingu sem 2,5% verðbólga, sbr. ramma 2. Seðlabankinn skal einnig vinna að öðrum markmiðum, svo sem að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hann skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiðinu um stöðugt verðlag. Lög in færa Seðlabankanum mun meira sjálfstæði en áður. Endanlegt markmið peningastefnunnar, þ.e. hið tölulega gildi verðbólgu-markmiðsins, er þó áfram ákvarðað í sameiningu af ríkisstjórn og Seðlabankanum.

Gengisskráningarvog (%)

Lönd	Gildistaka 20. júlí '00	Gildistaka 6. júlí '01
Bandaríkin	25,26	26,99
Bretland	14,36	14,77
Kanada	1,42	1,36
Danmörk	8,89	8,68
Noregur	7,61	6,08
Svíþjóð	4,07	4,44
Sviss	2,11	1,65
Evrusvæði	31,43	31,66
Japan	4,85	4,37

Lögin tryggja bankanum fullt sjálfstæði til þess að beita stjórnækjum sínum til að ná verðbólguþröngunni og er það líklega mikilvægasta breyting laganna. Hliðstæð ákvæði gilda um seðlabanka langflestra annarra iðnríkja. Jafnframt fela lögin í sér skýrari ákvæði en áður um gagnsæi og reikningsskil bankans gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Langtímamarkmið peningastefnunnar er þannig formfest og um leið reynt að tryggja opna og skilvirka stjórn peningamála.


Sterkari stöðum er einnig skotið undir sjálfstæði Seðlabankans að því leyti að nýju lögin kveða á um að bein fjármögnun ríkissjóðs í Seðlabankanum sé óheimil. Í eldri lögum var ekki tekið fyrir þennan aðgang en í gildi var samningur milli fjármálaráðherra og bankans, upphaflega gerður á árinu 1992, um að ríkissjóður myndi ekki nýta sér þessa heimild. Lenging á ráðningartíma seðlabankastjóra úr fimm í sjö ár stuðlar einnig að auknu sjálfstæði gagnvart framkvæmdavaldinu. Fjárhagslegt sjálfstæði bankans var einnig aukið með ákvæðum sem fela í sér eflingu á eigin fé hans. Með gildistöku nýju Seðlabankalaganna má segja að þeir þættir sem skipta mestu máli fyrir framkvæmd sjálfstæðrar peningastefnu hafi verið færðir í svipað horf og best gerist í umheiminum (sjá nánar grein í Peningamálum 2001/3).

Yfirlýsing um verðbólguþröngunni og breytta gengisstefnu frá 27. mars 2001


Ríkisstjórn Íslands og Seðlabanki Íslands hafa ákveðið eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála á Íslandi sem taka gildi 28. mars 2001:

1. Meginmarkmið stjórnar peningamála verður stöðugleiki í verðlagsmálum, eins og hann er skilgreindur hér að neðan. Seðlabankanum ber þó einnig að stuðla að fjármálalegum stöðugleika og framgangi meginmarkmiða efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að svo miklu leyti sem hann telur það ekki ganga gegn meginmarkmiði hans um verðstöðugleika.
2. Í stað þess að miða peningastefnuna við að halda gengi krónunnar innan vikmarka mun Seðlabankinn hér eftir miða hana við að halda verðbólgu innan ákveðinna marka sem nánar eru tilgreind hér að neðan.
3. Með ofangreindri breytingu eru núverandi vikmörk gengis íslensku krónunnar afnumin. Gengið mun þó áfram verða mikilvæg viðmiðun peningastefnunnar.
4. Ríkisstjórnin veitir Seðlabankanum fullt svigrúm til að beita stjórnækjum sínum í því skyni að ná verðbólguþröngunni sínu.
5. Síðar í þessari viku mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem felur í sér að lögfestar verða ofangreindar ákvarðanir um stöðugleika í verðlagsmálum sem meginmarkmið peningastefnunnar og um sjálfstæði Seðlabankans til að beita stjórnækjum sínum.

Vöxtur landsframleiðslu og þjóðarútgjalda og viðskiptahalli



Neysluverðsvísitala eftir eðli og uppruna



- Verðbólguþáttur Seðlabankans mun miðast við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs eins og hún er nú reiknuð af Hagstofu Íslands. Þá verður þess farið á leit við Hagstofuna að hún reikni eina eða fleiri vísitölur sem nota má til að meta undirliggjandi verðlagsþróun, eins og nánar verður samið um á milli Hagstofunnar og Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn mun hafa hliðsjón af slíkum vísitölum við mat á stöðu verðlagsmála og framkvæmd peningastefnunnar.
- Seðlabankinn mun stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.
- Víki verðbólga meira en ±1½% frá settu marki ber bankanum að ná verðbólgu svo fljótt sem auðið er inn fyrir þau mörk að nýju. Jafnframt ber bankanum að senda greinargerð til ríkisstjórnar þar sem fram kemur hver ástæða frávikanna er, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma hann telur það taka að ná verðbólguþáttinum að nýju. Greinargerð bankans verður birt opinberlega.
- Seðlabankinn skal stefna að því að ná markmiðinu um 2½% verðbólgu eigi síðar en í árslok 2003. Á árinu 2001 skulu efri mörk verðbólgunnar vera 3½% fyrir ofan verðbólguþáttmiðið en 2% á árinu 2002. Neðri mörkin verða 1½% neðan við markmiðið á þessum árum og framvegis. Fari verðbólgan út fyrir þessi mörk á árunum 2001 og 2002 kemur til viðbragða í samræmi við 8. tölulið.
- Þrátt fyrir afnám vikmarka gengisstefnunnar mun Seðlabankinn grípa inn í þróun gjaldeyrismarkaðar með kaupum og sölu gjaldeyris telji hann það nauðsynlegt til að stuðla að ofangreindum markmiðum um verðbólgu eða ef hann telur að gengissveiflur geti ógnað fjármálaglum stöðugleika.
- Seðlabankinn skuldbindur sig til að gera ársfjórðungslega verðbólguþáttur þar sem spáð er tvö ár fram í tímann. Skal spáin birtast í ársfjórðungslegu riti bankans. Þar skal einnig koma fram mat bankans á helstu óvissuþáttum tengdum spánni. Jafnframt mun bankinn gera grein fyrir mati sínu á stöðu og horfum í efnahagsmálum.
- Seðlabankinn mun í ritum sínum gera grein fyrir því hvernig til hefur tekist við að ná verðbólguþáttmiði bankans. Jafnframt mun bankastjórn Seðlabanka Íslands gera ráðherra, ríkisstjórn, einstökum ráðherrum og nefndum Alþingis grein fyrir stefnu bankans í peningamálum og mati hans á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

Þjóðarbúskapurinn tók að leita jafnvægis á árinu 2001 ...

Eftir fimm ára tímabil öflugs hagvaxtar og ofpenslu síðustu árin dró nokkuð úr hagvexti á árinu 2001. Hann var samt meiri en í flestum viðskiptalöndum Íslands. Áætlað er að landsframleiðslan hafi vaxið um 3%, en þjóðarútgjöld dregist saman um 3%. Verulega dró því úr viðskiptahallanum á árinu. Árið 2000 nam hallinn 10% af landsframleiðslu, en minnkaði í 4½% af landsframleiðslu árið 2001. Merki þess

að þjóðarbúskapurinn leitaði jafnvægis á ný mátti einnig sjá í vexti útlána, þótt kafa þurfi undir yfirborðið til að sjá það fyllilega. Umtalsverð framleiðsluspenna var hins vegar enn til staðar og á vinnumarkaði ríkti mikil spenna mest allt árið, sem ekki dró úr fyrr en undir lok þess.

... en verðbólga jókst eigi að síður ...

Á sama tíma og dró úr hagvexti jókst verðbólga hratt. Yfir árið hækkaði vísitala neysluverðs um 9,4%, sem var mesta hækkun vísitölunnar á 12 mánuðum frá því í októbermánuði árið 1990. Verðbólgan á árinu 2001 var ekki aðeins til muna meiri en í upphafi verðbólguþróunarinnar, heldur var samsetning hennar allt önnur. Á árunum 1999 og 2000 voru tvær meginuppsprettur verðbólgunnar hækkun bensínverðs á erlendum mörkuðum og hækkun húsnæðisverðs. Á árinu 2001 héldu þessir liðir vísitölunnar aftur af verðbólgu, en samspil gengislækkunar krónunnar og innlendrar launaþróunar leiddi til mun víðtækari verðbólgu en áður. Hækkun á verði innfluttrar vöru skýrir helming hækkunar vísitölunnar á árinu, þrátt fyrir lækkun bensínverðs. Umtalsverð framleiðsluspenna, sem enn var til staðar á árinu, kynti undir verðbólgunni.

... er gengi krónunnar lækkaði ...

Augljós ástæða þess að verðbólga jókst á árinu 2001 er að gengi krónunnar lækkaði um tæp 15% yfir árið og tæp 17% frá meðalgengi ársins á undan. Gengislækkun krónunnar frá miðju ári 2000 má fyrst og fremst rekja til mikils viðskiptahalla og nettóústreymis vegna kaupa innlendra aðila á erlendum verðbréfum og beinnar erlendar fjárfestingar. Til að fjármagna viðskiptahallann og annað ústreymi þurfti erlenda lánsfjáröflun sem árið 2000 nam fimmtungi landsframleiðslunnar. Fjármögnun hallans varð tregari síðari hluta ársins 2000 og árið 2001 lækkaði gengi krónunnar nær stöðugt til loka nóvember. Raungengi krónunnar var þá orðið lægra en það hafði verið um áratuga skeið.


... og innlendir kostnaðarauki kom óhindrað fram í verðlagi

Gengislækkun krónunnar leysti úr læðingi verðbólguþrýsting sem byggst hafði upp árin á undan. Um árabíl hækkuðu laun á Íslandi langt umfram framleiðni. Árin 1996 til 2001 hækkuðu laun á framleiðslueiningu um 11,5% á Íslandi en 2,2% í viðskiptalöndunum. Hátt gengi krónunnar fram á árið 2000 hafði veitt aðhald gegn verðbólguáhrifum launahækkana undanfarin ár, en þegar þetta aðhald brast á árinu 2001 braust uppsafnaður kostnaðarauki óhindrað fram í verðlagi.


Þolmörk verðbólguþróunarinnar voru rofin í júní


Þolmörk verðbólguþróunarinnar voru rofin strax í júní. Nærtækasta ástæða þess var, eins og komið hefur fram, gengislækkun krónunnar í kjölfar þess að vöðumörkin voru afnumin í lok mars, sem aftur má rekja til ofþenslu undanfarinna ára. Í samræmi við samkomulag Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar frá 27. mars gerði bankinn grein fyrir ástæðum þess og horfum í greinargerð sem birt var 22. júní.¹ Í henni kom fram að

Gengisvísitala krónunnar og vöðumörk gengisstefnunnar



Vísitala raunlauna á framleiðslueiningu á Íslandi og í samkeppnislöndunum





bankinn taldi mögulegt að verðbólgu-markmiðið næðist um mitt ár 2003 ef komið yrði í veg fyrir víxlhækkanir verðlags, launa og erlends gjalds-eyris og gengi krónunnar héldist stöðugt, en útlit væri fyrir að verðbólga- an yrði að óbreyttu gengi og peningastefnu fyrir ofan þolmörkin fram í ársbyrjun 2003. Í greinargerðinni benti bankinn á að laun hefðu hækkað langt umfram framleiðni aukningu á undanfönum árum og að mikla verðbólgu mætti rekja til samspils þess og gengislækkunar krónunnar, sem hvort tveggja mætti rekja til ójafnvægis sem magnast hefði í íslenskum þjóðarþúskap. Ekki væri við þær breytingar sem gerðar voru á umgjörð peningastefnunnar að sakast enda nánast útilokað fyrir Seðlabankann að halda genginu öllu lengur innan vikmarka gengisstefnunnar með inngripum á gjaldeyrismarkaði.

Þrátt fyrir óhagstæða þróun ákvað Seðlabankinn í júní að halda vöxtum sínum óbreyttum að sinni, enda reiknaði bankinn með að hjöðnun eftirspurnar yrði tiltölulega ör á næstu misserum og að verðbólga myndi hjaðna á árinu 2002. Seðlabankinn varaði einnig við að gripið yrði til ótímabærra eftirspurnarhvetjandi aðgerða.

Spenna á vinnumarkaði var áfram mikil en minnkaði undir lok ársins


Þrátt fyrir að mjög hafi dregið úr hagvexti á árinu 2001 hélst mikil spenna allt fram undir lok ársins. Atvinnuleysi á árinu var að meðaltali 1,4%, en fór heldur vaxandi, einkum síðustu mánuði ársins. Mikill fjöldi lausra starfa sem jafnan var í boði hjá vinnumiðlunum er einnig til vitnis um mikla spennu. Lausum störfum fækkaði þó verulega undir lok ársins. Vinnumarkaðskannanir sem gerðar voru síðari hluta ársins bentu einnig til töluverðra umskipta og mun færri ný atvinnuleyfi voru veitt undir lok ársins en á sama tíma árið áður. Í sögulegu samhengi var atvinnuleysi engu að síður lítið í lok ársins. Spennan á vinnumarkaði birtist í hækkanði launahlutfalli sem virðist hafa verið hærra en samrýmist jafnvægi á vinnumarkaði á árinu 2001 og árin næst á undan.

Launaskrið jókst

Spennan, sem enn ríkti á vinnumarkaði árið 2001, kom einnig fram í vaxandi launaskriði á árinu. Milli fjórðu ársfjórðunga 2000 og 2001 hækkuðu laun í einkageiranum án fjármálastofnana um u.þ.b. 3½% umfram ákvæði kjarasamninga, en árin á undan hafði launaskrið lengst af verið á bilinu 1½-2%. Síðustu mánuði ársins mátti þó greina að launaskrið færi minnkandi á ný. Laun í opinbera geiranum héldu einnig áfram að hækka umfram laun annarra launþega á árinu, en gerðir voru kjarasamningar við nokkra hópa opinberra starfsmanna sem leiddu til umtalsverðra launahækkana.

Aðhald í ríkisfjármálum slaknaði á árinu

Afkoma ríkissjóðs rýrnaði töluvert á árinu. Áætlanir benda til að tekju-



1. Greinargerðin var birt í heild sinni í Peningamálum 2001/3.

Tafla I.1 Yfirlit ríkisfjármála 1998-2001

Rekstrargrunnur, % af VLF



	1998	1999	2000	2001	
				Fjárlög	Áætlun
Tekjur	31,5	36,2	33,7	34,8	30,9
– án eignasölu	31,1	33,6	33,1	32,7	30,7
Gjöld	33,1	32,4	34,3	30,1	30,9
– án óvenjulegs lífeyris/afskrifta	30,0	31,1	30,3	29,9	30,4
Tekjuafgangur	-1,5	3,8	-0,6	4,7	0,0
– án óvenjulegra tekna og gjalda	1,1	2,5	2,8	2,7	0,4
Hreinn lánsfjárafgangur	-0,9	2,2	0,3	5,3	-3,3

Heimildir: Ríkisbókhald, fjármálaráðuneytið og áætlanir Seðlabanka Íslands.


afgangur á rekstrargrunni hafi verið nærri núlli, en stefnt var að 34 ma.kr. afgangi. Áform um eignasölu brugðust nær alveg. Innheimtar tekjur án eignasölu fóru nærri áætlun fjárlaga, enda þótt verðbólga og launahækkunir yrðu 1% og 2% umfram spár. Á fjárlögum 2001 var gert ráð fyrir 5-6% hækkun helstu skattflokka. Þess í stað hækkðu innheimtar tekjur af beinum sköttum um 14% og innheimta tryggingagjalda um 10% meðan innheimtir skattar af neyslu og innflutningi stóðu í stað eða lækkuðu í krónum talið. Þessa framvindu má rekja til þess að þjóðarútgjöld drógust saman á meðan framleiðsla og launatekjur jukust. Útgjöld ríkisins hækkðu um 16% skv. bráðabirgðagreiðsluuppgjöri, en á fjárlögum var gert ráð fyrir 7½% hækkun á greiðslugrunni. Framúrkeysla útgjalda hefur verið skýrð að tveimur þriðju með hækkun verðlags og launa umfram forsendur fjárlaga, en að öðru leyti má rekja hana til sérstakra tilefna, einkum útgjalda lífeyrstrygginga í kjölfar dóms Hæstaréttar um fjárhæð örorkubóta í desember 2000. Frestun á sölu eigna, útgjaldaaukning og framlög og lánveiting til Seðlabankans urðu til þess að lánsfjárbörf ríkissjóðs að meðtalinni áætlaðri hækkun lífeyrisskuldbindinga varð rúmur 30 ma.kr. eða u.þ.b. 70 ma.kr. meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Sveitarfélögum tókst ekki að rétta fjárhag sinn eins og vonir stóðu til, og lítilsháttar halli var á rekstri hins opinbera í heild, en tekjuafgangur sem nam 2½% af landsframleiðslu var tvö ár þar á undan.

Töluvert dró úr undirliggjandi útlánavexti

Eftir óhóflegan vöxt útlána um þriggja ára skeið hjáðnaði hann heldur á árinu 2001. Í lok desember höfðu útlán innlánsstofnana aukist um 17½% á 12 mánuðum, samanborið við 26% á sama tíma fyrir ári. Hjóðnun nafnvaxtar segir þó aðeins hálfá söguna, því að töluverðu leyti mátti rekja útlánavöxt sem varð á árinu 2001 til áhrifa gengislækkunar krónunnar og vísitöluhækkunar á gengisbundin og verðtryggt útlán. Að þessum áhrifum slepptum nam vöxturinn 7½%, samanborið við 20% ári fyrir. Útlán lánakerfisins í heild jukust um 18½%, eða ívið meira en árið áður. Skýrist það einkum af auknum lánnum til íbúðarkaupa og meiri verðbólgu. Undir-



liggjandi útlánavöxtur hjaðnaði eigi að síður. Á sama tíma og dró úr vexti útlána jókst vöxtur peningamagns. Peningamagn (M3) jókst um 15½% á árinu og hlutfall þess af landsframleiðslu hækkaði.



Verulega dró úr viðskiptahalla og ójafnvægi i verðbréfavíðskiptum við útlönd


Mikill halli myndaðist á viðskiptum við útlönd árið 1998 og náði hámarki árið 2000, þegar hann nam 10% af landsframleiðslu. Árið 2001 dró verulega úr hallanum, þótt hann hafi enn verið óhóflega mikill. Að nafnvirði minnkaði hallinn um helming og 3/5 á föstu gengi. Árið 2000 var sérstætt því auk innstreymis lánsfjár til þess að fjármagna mikinn viðskiptahalla þurfti erlent lánsfé til þess að veða á móti útstreymi vegna kaupa innlendra aðila á erlendum verðbréfum og beinnar fjárfestingar þeirra erlendis. Lánsfjárinnstreymi sem til alls þessa þurfti nam 135 ma.kr. eða fimmtungi landsframleiðslunnar á árinu 2000 en minnkaði í u.þ.b. 51 ma.kr. árið 2001. Þegar leið á árið 2001 dró verulega úr kaupum á erlendum verðbréfum.

Umrót á innlendum fjármálamörkuðum

Nokkurt umrót varð á millibankamarkaði með gjaldeyri um það leyti sem breytt var um fyrirkomulag peningamála hér á landi í lok mars. Óróinn varaði í þrjá mánuði en lögði eftir að Seðlabankinn og ríkisstjórnin kynntu aðgerðir til að sporna gegn honum. Eftir atburðina í Bandaríkjunum í september jókst órói á ný en í desember tók gengi krónunnar loks að rétta við eftir 18 mánaða tímabil lækkunar. Millibankamarkaður með krónur leið nokkuð fyrir inngríp á gjaldeyrismarkaði og dró úr viðskiptum frá fyrra ári. Í lok nóvember var komið á fót millibankamarkaði með gjaldeyrisviðskiptasamninga. Skuldabréfamarkaður sótti töluvert í sig veðrið á árinu en ástandið á hlutabréfa-

Viðskipti á millibankamarkaði með krónur í m.kr.

	2000	2001
Einn dagur	417.450	341.900
Næsti dagur	35.200	20.700
Ein vika	41.650	25.800
Tvær vikur		10.900
1 mánuður	12.300	10.450
2 mánuðir		1.700
3 mánuðir	5.500	4.550
6 mánuðir	3.550	3.900
9 mánuðir	200	450
12 mánuðir	1.200	1.650
Önnur	1.300	



markaði var dapurt fram í október. Þá tók markaðurinn við sér í kjölfar yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um breytingar í skattaumhverfi fyrirtækja.

Kvika var á gjaldeyrismarkaði fram að jafndægri á vori ...

Frá ársbyrjun 2001 til síðari hluta mars seig gengi krónunnar um u.þ.b. 1½%. Seðlabankinn greip inn í þróun á gjaldeyrismarkaði í þrjú skipti í lok janúar og einu sinni í febrúar. Eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri var yfirleitt meiri en framboð en inngrip bættu það að einhverju leyti upp. Stöðugur þrýstingur færði vísitölu gengisskráningar þó sífellt nær efri vikmörkum, sem voru 125,36. Í kjölfar sölu Seðlabankans á gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði jókst sá hluti gjaldeyrisforða Seðlabankans sem fjármagnaður var með skammtímalánum. Þetta ástand olli óvissu og smám saman varð ljóst að það gæti ekki varað til lengdar.


... en þá jókst ágjöf ...

Þegar leið á mars komust sögusagnir á kreik um yfirvofandi breytingar á umgjörð peningastefnunnar og leiddu þær til spennu á gjaldeyrismarkaði. Seðlabankinn greip inn í markaðinn dagana 23., 26. og 27. mars með umfangsmikilli sölu gjaldeyris og varði vikmörkin. Hinn 28. mars voru vikmörkin afnumin í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólguarmarkmið og breytta gengisstefnu. Þá lækkaði Seðlabankinn stýrivexti sína um ½ prósentustig hinn 28. mars. Í yfirlýsingu Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar var skýrt frá því að Seðlabankinn hlutaðist einungis til á gjaldeyrismarkaði ef bankinn teldi að verðbólguarmarkmiðinu væri ógnað af gengisþróun og ef fjármálastöðugleiki væri í hættu vegna hennar. Bankinn greip ekki inn í gjaldeyrismarkaðinn um nokkurt skeið eftir að nýtt fyrirkomulag var tekið upp. Í apríl magnaðist óvissa um áhrif verkfalls sjómanna og um aflaheimildir á komandi fiskveiðiári auk þess sem verðbólga var í vexti, ekki síst vegna áhrifa gengislækkunar krónunnar undanliðna mánuði. Í hönd för umbrotatími þar sem flókt á gengi krónunnar jókst verulega. Frá 28. mars til 29. júní hækkaði vísitala gengisskráningar um 10,7%.

... en upp úr Jónsmessu stilltist, þótt nokkuð brældi um og eftir jafndægur á hausti

Í júní átti Seðlabankinn viðræður við viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði um möguleika á aðgerðum til að auka stöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Niðurstaðan var að taka til reynslu upp þóknun til viðskiptavaka. Hún skyldi greiddast fyrir sýnilegan vilja til að mynda markað í gjaldeyrisviðskiptum. Á sama tíma átti Seðlabankinn viðræður við ríkisstjórnina um möguleika á töku erlends langtímaláns til að styrkja erlenda stöðu bankans. Þeim lyktaði með því að ríkisstjórnin ákvað að taka 25 milljarða króna erlent lán og skyldi hluta þess varið til þess að styrkja eiginfjárstöðu Seðlabankans. Þetta tvennt ásamt inngripum Seðlabankans hinn 21. júní varð til þess að ró færðist yfir gjaldeyrismarkaðinn á ný. Tiltölulega litlar breytingar urðu á vísitölu gengisskráningar fram í miðjan september, en hryðjuverk í Bandaríkjunum og órói tengdur þeim


Viðskiptajöfnuður, bein erlend fjárfesting, nettó, og erlend verðbréf, nettó




REIBOR-vextir í lok hvers mánaðar árið 2001 (%)

	Einn dagur	Ein vika	Einn mán.
Janúar	12,45	11,79	11,73
Febrúar	37,76	12,69	12,37
Mars	9,84	11,94	11,97
April	12,78	12,73	12,69
Mái	12,44	12,29	12,11
Júní	13,30	12,67	12,54
Júlí	12,51	12,37	12,36
Ágúst	12,13	11,85	11,75
September	12,48	11,90	11,72
Október	12,80	12,44	12,35
Nóvember	12,51	12,10	12,01
Desember	13,06	12,65	13,04

Útistandandi samningar í endurhverfum viðskiptum





REIBOR vextir á krónumarkaði 2001



ollu einnig óróa hér á landi. Gengi krónunnar tók að lækka á ný, lækkaði áfram í október og nóvember þar til það náði botni undir lok þess mánaðar. Vísitala gengisskráningar var 28. nóvember skráð 151,16 og var þá 40% hærra en þegar hún varð lægst vorið 2000. Seðlabankinn greip inn í atburðarásina í lok september og í byrjun október og bætti að einhverju leyti úr skorti á erlendum gjaldeyri á markaði. Hinn 8. nóvember lækkaði Seðlabankinn stýrivexti sína um 0,8% og hafði það tímabundin neikvæð áhrif á gjaldeyrismarkaðinn. Í desember snérist gengisþróunin við í kjölfar ákvörðunar aðila vinnumarkaðarins um að fresta endurskoðun kjarasamninga frá febrúar fram í maí 2002. Einnig hjálpaði til að um þetta leyti bárust jákvæðar fréttir af þróun viðskipta við útlönd umfram það sem spáð hafði verið. Yfir árið 2001 lækkaði gengi íslensku krónunnar um 14,8%. Heildarviðskipti á gjaldeyrismarkaði námu 1.200 ma.kr. á árinu og var það 59% aukning frá fyrra ári. Mikill vaxtamunur var á innlendum og erlendum lánnum en lítið varð vart við að spákaupmenn nýttu sér hann eftir breytinguna á fyrirkomulagi peningamálastefnunnar í lok mars. Verulega dró úr nettóúttreymi gjaldeyris vegna erlendar verðbréfafjárfestingar. Ella hefði þrýstingur á gengi krónunnar orðið meiri á árinu.

Þrengdist um á krónumarkaði vegna inngripa ...

Inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði höfðu veruleg áhrif á millibankamarkað með krónur. Í inngripunum voru keyptar krónur sem þar af leiðandi hurfu út úr lánakerfinu en komust á ný í umferð með viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann. Atburðarásin var gjarnan sú að Seðlabankinn seldi gjaldeyri og dró þar með krónur af markaði. Þetta orsakaði lausafjárskort sem fjármagnaður var um skamma hríð með daglánnum í Seðlabankanum og síðar í endurhverfum viðskiptum. Endurhverf viðskipti við Seðlabankann voru því aðaladferðin við jöfnun á lausafjárskorti en um leið og þau jukust breyttist eðli þess fjármagns sem lánastofnanir miðluðu sín á milli á krónumarkaði. Alls námu kaup Seðlabankans á krónum 29,5 milljörðum króna á árinu og þeim til viðbótar minnkaði svigrúm lánastofnana vegna aukinnar bindiskyldu (5 ma.kr.) sem að stórum hluta stafaði af lækkun á gengi krónunnar. Þetta kom fram í minni veltu á millibankamarkaði með krónur og hærri vöxtum. Hegðun lánastofnana breyttist einnig því að ójafnvægi í veittum og teknum lánnum á millibankamarkaði var ekki jafn vel liðið og áður og einnig var mun meira aðhald í lánalínnum á milli stofnana en áður hafði tíðkast. Þetta olli m.a. því að lánastofnanir sem áttu gnótt lauss fjár gátu ekki nýtt sér háa ávöxtun á krónumarkaði og varðveittu því umframfjármagn á viðskiptareikningum og bindireikningum í Seðlabankanum á lægri vöxtum en þær hefðu ella getað fengið. Svigrúm einstakra lánastofnana var þó mismikið og mótaðist það að einhverju leyti af ólíkum vexti útlána og fjármögnun þeirra. Velta á krónumarkaði nam 426 ma.kr. sem var 95 ma.kr. minna en árið áður. Sem fyrr voru lán til einnar nætur ríkjandi á markaðnum og voru þau 86% veltunnar.






... og vextir hækkuðu

Vextir á millibankamarkaði með krónur hækkuðu eftir því sem á árið leið og voru einna hæstir í desember. Að hluta til kann ástæðan að vera árstíðabundnar sveiflur en hugsanlegt er að þróun verðbólgu hafi leikið þarna hlutverk því að vextir á millibankamarkaði eru í einhverjum tilfellum grunnur vaxtakjara stórra fyrirtækja og því ekki óeðlilegt að verðbólga hafi haft áhrif. Vextir á millibankamarkaði með krónur til allt að þriggja mánaða voru í desember hærri en daglánavextir Seðlabankans sem er óvenjulegt og olli m.a. tregðu í viðskiptum á markaðnum. Ástæðan fyrir þessu var m.a. erfiðleikar lánastofnana við að auka endurhverf viðskipti við Seðlabankann sem leiddu til minna framboðs lánsfjár á krónumarkaði sem aftur leiddi til hærri vaxta. Erfiðleikar bankanna stöfuðu meðal annars af misvægi í aukningu útlána og fjármögnun þeirra. Tvær vaxtalækkningar Seðlabankans höfðu einungis tímabundin áhrif á krónumarkaðnum af ofangreindum orsökum.

Kerfisbreytingar og nýjungar

Í lok janúar hófust millibankaviðskipti með krónusamninga til tveggja vikna og tveggja mánaða. Við það varð markaðurinn að skipulagi áþekkur sambærilegum mörkuðum í öðrum löndum. Í lok nóvember tók til starfa millibankamarkaður með gjaldeyrisskiptasamninga. Þessi markaður var óformlegur en til stóð að setja honum reglur á árinu 2002. Hann var mikilvæg viðbót við þá markaði sem þegar voru starfræktir og styður við miðlunarferli krónunnar. Í desember vék Seðlabankinn frá venjulegri framkvæmd inngripa á gjaldeyrismarkaði þegar hann átti viðskipti við einstaka viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði í stað viðskipta við alla eins og tíðkast hafði um alllangt skeið. Bankinn reyndi með þessu að draga úr áhrifum einstakra stórra viðskipta á gjaldeyrismarkaði sem ella hefðu getað haft mikil og óæskileg áhrif á gengi krónunnar. Bankinn hafði áður lýst vilja sínum til þessa en þó að uppfylltum til-





teknum skilyrðum, m.a. um fjárhæðir og ástand á markaði. Seðlabankinn gerði einnig gjaldeyrissskiptasamninga við einn viðskiptavaka í desembermánuði.

Skuldabréfaeftirspurn jókst á sama tíma og hlutabréfaeftirspurn dróst saman

Velta á Verðbréfaþingi Íslands jókst um 214 ma.kr. á milli árunna 2000 og 2001. Samdráttur í efnahagslífinu og lág ávöxtun hlutabréfa á Íslandi árið 2000 ollu því að fjárfestar sneru sér í auknum mæli að skuldabréfum og jókst velta þeirra verulega á meðan samdráttur varð í hlutabréfaveltu. Mest velta var með hús- og húsnæðisbréf sem og ríkisverðbréf. Í febrúar 2001 var gefinn út nýr flokkur óverðtryggðra ríkisbréfa til 6 ára og einnig voru gefnir út nýir flokkar húsbréfa til 25 og 40 ára. Útgáfumagn húsbréfa jókst á árinu 2001 um 3,8 ma.kr. umfram spár en það má að einhverju leyti útskýra með hækkun hámarksfjárhæðar húsbréfalána sem tilkynnt var um í maí.

Ávöxtun ríkisskuldabréfa lækkaði ...

Ávöxtun allra skuldabréfaflokka lækkaði á árinu. Mest var lækkingin á ríkisverðbréfum. Ávöxtun spariskírteina á innlausn árið 2005 lækkaði um 0,76 prósentustig á árinu. Ávöxtun húsbréfa í flokki með lokagjaldþaga 2021 lækkaði um 0,29 prósentustig en húsbréf á lokagjaldþaga lækkuðu einungis um 0,03 prósentustig. Ávöxtun húsnæðisbréfa með svipuðum lokagjaldþaga lækkaði hins vegar um 0,13 prósentustig. Í kjölfar samkomulags aðila vinnumarkaðarins um frestun á endurskoðun kjarasamninga í desember jókst bjartsýni á verðbréfamarkaði og lækkaði ávöxtun skuldabréfa á lengri enda vaxtarófsins í kjölfar þess. Ávöxtun stuttra ríkisskuldabréfa hækkaði þó í desember vegna verðbólguvæntinga til skamms tíma. Verðbólguálag skuldabréfa til tveggja ára var í upphafi árs 4,14% en í lok árs var það 3,23%. Miklar sviptingar voru á verðbólguálaginu og þegar hæst lét var verðbólguálag m.v. 2ja ára skuldabréf um 6,5%.


... og hlutabréfaverð lækkaði mestan hluta ársins

Velta hlutabréfa dróst saman um 62 ma.kr. á síðasta ári sem var 31% samdráttur frá fyrra ári. Hlutabréfaverð lækkaði nokkuð stöðugt frá ársbyrjun til loka september en eftir tilkynningu um lækkun á skattlutfalli fyrirtækja 3. október tók hlutabréfamarkaðurinn við sér í kjölfarið og á einum degi hækkaði hlutabréfaverð um rúmlega 6% sem er mesta hækkun hlutabréfaverðs á einum degi í sögu Verðbréfaþings Íslands. Úrvalsvístala hlutabréfa lækkaði á árinu um 11,2% sem er talsvert minna en árið á undan en þá lækkaði vísitalan um 19%. Mesta lækkun ársins var í upplýsingatæknigeiranum, en sú vísitala féll um rúmlega 72%. Vísitala lyfjagreina hækkaði hins vegar um 38% og vísitala sjávarútvegs um 16%, en hagur útflutningsfyrirtækja vænkaðist allmikið á árinu vegna gengisþróunarinnar. Útrás íslenskra fyrirtækja setti nokkurn svip á árið sem bendir til takmarkaðra vaxtarmöguleika innanlands.

Seðlabankinn lækkaði vexti í ljósi horfa um minnkandi framleiðsluspennu og hjaðnandi verðbólgu

Verðbólga var nokkru meiri en verðbólguþéttunin þegar það var tekið upp og yfir þolmörkum peningastefnunnar frá því í júní. Seðlabankinn mat verðbólguhorfur þó þannig að tilefni væri til nokkurrar slökunar í peningamálum. Hann lækkaði vexti sína í tvígang á árinu, í lok mars um 0,5 prósentustig, eins og fyrr segir, og í byrjun nóvember um 0,8 prósentustig. Vextir bankans í endurhverfum viðskiptum lækkuðu úr 11,4% fyrstu þrjú mánuði ársins í 10,1% síðustu tvo mánuðina. Ákvörðunin um að lækka vexti í marslok var tekin í ljósi þess að verðbólguþéttun bankans frá því í febrúar samrýmdist verðbólguþéttuninni og bjartsýni ríkti um að gengislækkunin í aðdraganda þess að vikmörk gengisstefnunnar voru afnumin yrði tímabundin. Ýmsar vísbendingar höfðu einnig komið fram sem bentu til þess að verulega myndi draga úr framleiðsluspennu á næstu misserum og að hratt myndi draga úr verðbólgu að gefnum forsendum um að launahækkun yrðu í samræmi við ákvæði gildandi samninga. Þessar vísbendingar höfðu styrkst enn frekar þegar síðari vaxtalækkunin var gerð, þótt liðin verðbólga hafi þá aukist enn frekar vegna áframhaldandi gengislækkunar krónunnar. T.d. voru þá horfur á að hraðar myndi draga úr viðskiptahallanum en áður var talið. Hjöðnun framleiðsluspennu, ef miðað er við síðustu áætlanir, varð hins vegar hægari en Seðlabankinn hafði reiknað með og þróttur efnahagsstarfseminnar síðustu mánuði ársins kom nokkuð á óvart. Það sem skipti sköpum um verðbólguþróun ársins var að gengisþróun krónunnar varð lengst af mun óhagstæðari en bankinn hafði gert ráð fyrir. Verðbólgan varð því að sama skapi meiri en reiknað var með í spám bankans. Það var ekki fyrr en undir lok ársins að gengi krónunnar tók að styrkjast með sannfærandi hætti á ný og horfur um stöðugleika að batna.

Próun verðbólguálags skuldabréfa á árinu 2001



II

FJÁRMÁLAKERFIÐ

Fjármálakerfið og stöðugleiki þess

Frá sjónarhóli fjármálakerfisins einkenndist árið 2001 af óvissara efnahagsástandi en á undanförunum árum og lakari afkomu framan af ári. Engu að síður tókst fjármálastofnunum að bregðast við nýjum aðstæðum án verulegra áfalla og margar þeirra skiluðu ágætri afkomu og bættu eiginfjárstöðu sína.

Seðlabanki Íslands gerði á árinu úttektir á stöðugleika fjármálakerfisins og birti í ársfjórðungsriti sínu Peningamálum. Þessar úttektir samrýmast þeirri áherslu sem bankinn hefur í seinni tíð lagt á að fylgjast með styrk fjármálakerfisins og ákvæðum nýrra laga um bankann sem leggja honum þær skyldur á herðar að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Í þessum kafla eru rífaðar upp meginniðurstöður úttektanna sem birtust í Peningamálum. Í rammagrein er fjallað um úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfinu. Að öðru leyti er lýst helstu breytingum í uppbyggingu og rekstri fjármálastofnana á liðnu ári og fjallað um endurbætur á kerfislega mikilvægum greiðslukerfum sem hófust á árinu 2001 og stefnt er að því að leiða til lykta 2002.

Úttektir á stöðugleika fjármálakerfisins

Úttektir á stöðugleika fjármálakerfisins voru birtar í Peningamálum í maí og nóvember 2001. Í maí var talið að án frekari ytri áfalla væri ólíklegt að stöðu innlendra lánastofnana væri hætt. Í júní birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úttekt sína á íslenska fjármálakerfinu þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að vissa veikleika væri að finna í fjármálakerfinu sem að nokkru leyti mætti rekja til hins hraða vaxtar fjármála-markaða á síðustu árum. Í rammagrein er fjallað nánar um úttektina og niðurstöður hennar. Í greiningu sinni í nóvember taldi Seðlabankinn að þrátt fyrir óhagstæðari ytri aðstæður, m.a. lægra gengi krónunnar, hefðu lánastofnanir sem og þjóðarbúið í heild hafið nauðsynlega aðlögun að breyttum aðstæðum.

Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfinu

Á undanförunum árum hefur á alþjóðavettvangi verið unnið að því að treysta undirstöður fjármálalegs stöðugleika. Þessi vinna fer fram í samstarfi ýmissa alþjóðastofnana með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í broddi fylkingar. Hún hefur m.a. leitt til þess að vaxandi áhersla er nú lögð á að efla eftirlit með starfsemi fjármálastofnana í öllum aðildarlöndum sjóðsins og að tryggja trausta umgjörð um starfsemi þeirra. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum var falið árið 1999 að gera úttektir á fjármálakerfi aðildarlanda, kanna uppbyggingu þess, áhættuþætti og lagaumgjörð. Verkefnið kallast Financial Sector Assessment Program og miðar að því að efla fjármálakerfi aðildarþjóðanna í samstarfi við stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að lokið verði úttektum í öllum aðildarlöndunum að nokkrum árum liðnum.

Í síðustu ársskýrslu Seðlabankans var greint frá því að í nóvember 2000 hefði komið sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til Íslands skipuð sérfræðingum um fjármálastöðugleika og greiðslumiðlunarkerfi. Tilgangurinn með heimsókninni var að greina styrk og veikleika fjármálakerfisins og hversu ítarlega væri fylgt alþjóðlegum viðmiðunum um bestu framkvæmd á reglum. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið unnu með sérfræðingum sjóðsins en þeir leituðu jafnframt til fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins og fjölmargra fjármálastofnana og samtaka þeirra við efnisöflun. Sendinefndin skipti úttekt sinni í sex undirverkefni, þ.e. bankarekstur og bankaeftirlit; tryggingarekstur og tryggingaefntil; verðbréfavíðskipti og verðbréfaeftirlit; stefnu í peninga- og fjármálum og dýpt markaða; greiðslumiðlunarkerfi og reglur um það og loks almenna áhættuþætti. Greining sendinefndarinnar var undanfari heildarskýrslu um fjármálastöðugleika sem framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ræddi í tengslum við reglubundna úttekt og umræðu um stöðu efnahagsmála hér á landi í maí 2001. Í kjölfar þess gaf sjóðurinn út frétt um niðurstöður þeirra sem m.a. var greint frá í fjölmiðlum hér á landi.

Hinn 12. júní 2001 birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skýrsluna um íslenska fjármálakerfið á heimasíðu sinni (www.imf.org) samhliða birtingu á árlegri skýrslu sjóðsins eftir reglubundna heimsókn sérfræðinga sjóðsins hingað til lands í janúar 2001.

Við gerð skýrslunnar um fjármálakerfið var farið yfir lög og reglur um fjármálamarkaðinn, þ.m.t. um Seðlabanka Íslands, og fyrirkomulag eftirlits með starfsemi fjármálastofnana. Metið var að hve miklu leyti peningastefnan og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana uppfylla reglur um gagnsæi sem settar hafa verið af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og farið yfir þjóðhagslegar aðstæður með tilliti til fjármálastöðugleika.

Í skýrslunni sagði m.a. að mikilvægt væri að draga úr áhættu fjármálakerfisins. Stjórnvöld ættu að bregðast skjótt við og hækka lágmarks eiginfjárkröfur innlendra lánastofnana og gefa Fjármálaeftirlitinu vald til þess að krefjast herra eiginfjárhlutfalls í lánastofnunum sem taldar eru búa við sérstaka áhættu. Mögulegir veikleikar fjármálakerfisins gætu einnig stafað af vissum ágöllum í lagamma, regluverki og eftirliti – einkum þegar miðað er við það sem best gerist á heimsvísu. Sendinefndin lagði þess vegna til að

stjórnvöld tækju nauðsynleg skref á sviði laga- og reglusetningar meðal annars til þess að bæta útlánamat og varúðarfærslur innlendra banka. Efla ætti Fjármálaeftirlitið enn frekar. Einkum væri þörf á að auka áherslu á athuganir sem fram fara á starfsstöðvum fyrirtækjanna og efla frekar varúðareftirlit, sérstaklega með tilliti til lána til venslaðra aðila og áhættustýringar innan fjármálastofnana. Þar sem uppboð Seðlabankans á endurhverfum viðskiptum með föstum vöxtum hefðu í einstaka tilvikum veitt umframlausafé til bankanna mætti hugleiða að taka upp fyrirkomulag sem felur í sér uppboð þar sem fjárhæð er fastsett en vextir breytilegir. Í öllu falli ættu vextir í endurhverfum viðskiptum að verða nær miðju vaxtarófs Seðlabankans til þess að bankar leiti meira inn á millibankamarkaðinn eftir lausafé.

Í samandregnum niðurstöðum sendinefndarinnar sagði að það væri heildarmat hennar að vissa veikleika væri að finna í íslenska fjármálakerfinu. Sérstök skýring þessa væri hin hraða framvinda á fjármálamarkaði síðustu árin sem að nokkru leyti hefði farið fram úr þróun þess regluverks sem um markaðina gildir. Einnig kæmi til ójafnvægi í þjóðarþúskapnum, einkum mikill og viðvarandi viðskiptahalli og lágt sparnaðarhlutfall. Samtímis væri mikilvægt að hafa í huga að fjármálageirinn er kvikur og bregst rétt við skilaboðum markaðarins og breytingum í lagalegri umgjörð. Þá yrði að telja að fjármálaeftirlit hér á landi væri í góðri stöðu til þess að takast á við verkefni sitt. Á þessum grundvelli virtust stjórnvöld vera í sterkri stöðu til að bregðast við veikleikum sem til staðar kynnu að vera og hafa vilja til þess.

Seðlabankinn telur að sú vinna sem lögð var af mörkum við greiningu íslenska fjármálakerfisins með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi þegar skilað sér í ýmsum endurbótum. Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins jók meðvitund um áhættur sem fjármálakerfi getur staðið frammi fyrir og benti á ýmsa þætti sem bæta mætti og Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa nýtt sér.

Breytingar voru gerðar á rekstrarformi og eignarhaldi ýmissa fjármálastofnana ...

Í lok janúar 2001 var gengið frá kaupum Kaupþings hf. á meirihluta í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. og stuttu síðar var öðrum hluthöfum gert yfirtökutilboð. Í kjölfar þessa var Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. afskráður hjá Verðbréfaþingi Íslands hf. Í lok apríl var samþykkt að stofna Sparisjóð Vestfirðinga með sameiningu fjögurra sparisjóða, þ.e. Sparisjóðs Súðavíkur, Sparisjóðs Önundarfjarðar, Sparisjóðs Þingeyrarhrepps og Eyrasparisjóðs. Í ágúst keypti Kaupþing hf. allt stofnfé í Sparisjóði Önundarfjarðar og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis keypti allt stofnfé í Sparisjóði Súðavíkur. Starfsvettvangur og starfsstöðvar þessara sparisjóða voru hvor tveggja flutt til Reykjavíkur. Nafni Sparisjóðs Önundarfjarðar var breytt í Sparisjóður Kaupþings og nafni Sparisjóðs Súðavíkur var breytt í nb.is-sparisjóður en hann yfirtók rekstur Netbankans sem hafði verið rekinn sem deild í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Í nóvember var samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Lýsingar hf. staðfestur en fyrir samrunann var bein eignaraðild Búnaðarbanka Íslands hf. 40% í Lýsingu hf. og bein eignaraðild

Landsbanka Íslands hf. í Lýsingu hf. 40%. Við þetta eignaðist Landsbanki Íslands hf. hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. sem hann seldi í desember. Í lok nóvember afturkallaði viðskiptaráðuneytið starfsleyfi Burnham International á Íslandi og var verðbréfafyrirtækið tekið til gjaldþrotaskipta. Í desember var tilkynnt um áform Búnaðarbanka Íslands hf. og Gildingar ehf. um að sameinast og voru þau samþykkt af hluthafafundum þessara félaga í febrúar 2002. Kaupþing hf. sótti um viðskiptabankaleyfi á árinu og var það veitt í janúar 2002. Um leið var nafni Kaupþings hf. breytt í Kaupþing banki hf.

... en ekki varð af sölu banka í eigu ríkisins og hlutafélagavæðingu sparisjóða

Í lok febrúar lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um heimild til sölu á meirihluta eign ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og var það samþykkt í lok maí. Þessir eignarhlutir höfðu ekki verið seldir í lok ársins. Vegna þeirra samruna sem lýst var hér að ofan minnkaði eignarhluti ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. engu að síður í 55% í lok árs 2001 en var 70,5% í upphafi ársins. Eignarhluti ríkisins í Landsbanka hf. stóð í stað og var í árslok 2001 um 68,3%. Í mars lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um heimild sparisjóða til að stofna hlutafélög um rekstur sinn og var það samþykkt í lok maí. Enginn sparisjóður stofnaði þó hlutafélag um rekstur sinn á árinu 2001.

Útrás fjármálafyrirtækja hélt áfram


Útrás íslenskra fjármálastofnana hélt áfram á árinu 2001. Kaupþing hf. keypti m.a. svissneskt og finnskt verðbréfafyrirtæki og í febrúar 2002 sænskt verðbréfafyrirtæki. Í lok júní 2001 tók Búnaðarbankinn í Lúxemborg formlega til starfa. Í lok september var tilkynnt að Íslandsbanki hf. hefði hætt við áformuð kaup á Rietumu Banka í Lettlandi og í nóvember opnaði bankinn skrifstofu í London.

Afkoma banka og sparisjóða batnaði á síðari hluta ársins ...


Þegar ársskýrslan var rituð lágu fyrir uppgjör allra viðskiptabankanna og fjögurra stærstu sparisjóðanna¹. Arðsemi eigin fjár þessara fyrirtækja, þ.e. hagnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár, var 14%, samanborið við 10,2% árið áður. Þrátt fyrir erfitt ár að ýmsu leyti og aukin framlög á afskriftareikninga útlána jókst hagnaðurinn frá árinu 2000. Hagnaðaraukninguna má að hluta til skýra með auknum vaxtamun² en hann fór úr 2,6% árið áður í 2,9% 2001 auk þess sem leiðréttíng á tekjuskattsskuldbindingu vegna lækkunar tekjuskattshlufalls úr 30% í 18% leiddi til þess að hagnaður ársins var hærri en ella.


1. Búnaðarbanki Íslands hf., Íslandsbanki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóðurinn í Keflavík.
2. Verðbólga umfram væntingar jók vaxtamuninn þar sem verðtryggðar eignir bankanna voru meiri en verðtryggðar skuldir þeirra.

Útlánaflokkun lánakerfis



Útlán og innlán innlánsstofnana





... og eiginfjárlutfall styrktist

Lækkun eiginfjárlutfalls banka og sparisjóða var áhyggjuefni í byrjun ársins 2001. Samkvæmt fyrirbyggjandi uppgjörum styrktist eiginfjárlutfall þeirra nokkuð á árinu þrátt fyrir hækkun gengisbundinna liða vegna gengissigs íslensku krónunnar. Þetta má rekja til aukinna víkjandi lána, samruna fjármálaþyrirtækja og betri rekstrarafkomu.

Dregið hefur úr útlánaaukningu innlánsstofnana ...

Útlán og verðbréfaeign lánakerfisins jukust um 18,7% á árinu 2001 samanborið við 17,4% á árinu 2000.

Verulega dró úr útlánavexti innlánsstofnana sem var um 17,5% á árinu 2001 samanborið við 26% á árinu 2000.³ Ef markaðsverðbréf eru meðtalin er tólf mánaða aukningin 18% á árinu 2001 samanborið við 22,1% árið áður. Útlánaaukning fjárfestingarlánasjóða var 22,9% á árinu 2001 samanborið við 13,7% árið áður. Mest var aukningin hjá Íbúðalánasjóði í krónum talið eða ríflega 56 ma.kr. sem er um 19% útlánaaukning samanborið við 12% aukningu árið 2000. Ef markaðsverðbréf eru meðtalin er tólf mánaða aukning ársins 2001 um 26,7% samanborið við 18,7% árið áður.⁴

Útlán og markaðsverðbréf innlánsstofnana námu um 817 ma.kr. í árslok 2001. Á fjármögnunarhlíðinni voru innlánin á sama tíma um 337 ma.kr., verðbréfaútgáfa ríflega 193 ma.kr. (þar af voru um 146 ma.kr. gengisbundnir) og erlendar skuldir aðrar en skuldabréf um 256 ma.kr. Um helmingur af útlánum og markaðsverðbréfum innlánsstofnana var því fjármagnaður erlendis. Vöxtur innlána var um 15,8% á

3. Vöxtur útlána innlánsstofnana, án gengis- og verðlagsuppfærslu, var þó aðeins 7,5% samanborið við 20% á árinu 2000.

4. Aukning ársins 2000 er án FBA.

árinu 2001 en aukning innlána var öll í verðtryggðum innlánunum og á gjaldeyrisreikningum. Útlán og markaðsverðbréf fjárfestingarlánasjóða námu ríflega 485 ma.kr. í árslok 2001. Á fjármögnunarhlíðinni var innlend verðbréfaútgáfa um 319 ma.kr., aðallega húsbref og hús-næðisbréf, innlendar lántökur voru um 79 ma.kr. og erlendar lántökur um 48 ma.kr.

... en mikil aukning varð í sjóðfélagalánum lífeyrissjóða

Samkvæmt bráðabirgðatölum var hrein eign lífeyrissjóða í árslok 2001 tæpir 648 ma.kr. og jókst um 14,5% á árinu. Er það svipuð aukning og á árunum 1997 og 1998 en í kjölfar þeirra fylgdu tvö óvenjuleg ár, 1999 með 27,1% aukningu og 2000 með aðeins 9,4% aukningu. Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2001 svaraði til 87% af vergri landsframleiðslu samanborið við 84,2% í árslok 2000.

Í lok árs 2001 áttu lífeyrissjóðir 138 ma.kr. í erlendum verðbréfum og hafði sú eign aðeins aukist um 7,5% yfir árið samanborið við 30,5% vöxt árið áður og meira en 90% vöxt á ári næstu þrjú árin þar á undan. Lækkun varð á verði bréfanna á árinu en um nettókaup var að ræða hjá lífeyrissjóðunum sem auk gengislækkunar krónunnar skýra hækkun á stöðu erlendra verðbréfaeignar á milli ára. Eign í erlendum hlutabréfum dróst saman um 1,5% á árinu og í erlendum verðbréfasjóðum, sem fjárfesta einkum í skuldabréfum, um 16,6%. Hins vegar jókst eignin í erlendum hlutabréfasjóðum um 26,4%.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóða hafa aukist með vaxandi hraða síðustu ár. Árið 2000 jukust þau hraðar en mörg ár þar á undan, eða 25,8%, en árið 2001 sló því enn við með 31,6% vexti. Sjóðfélagalán námu nær 74 ma.kr. í lok ársins 2001.

Heildareignir verðbréfasjóða jukust en hlutabréfasjóða drógust saman

Heildareignir verðbréfasjóða jukust um rúman 21 ma.kr. 2001 samanborið við 11,8 ma.kr. lækkun á árinu 2000. Þar af jókst verðbréfaeignin um tæpa 19 ma.kr. og var aukningin mest í húsbrefum og spariskirteinum ríkissjóðs. Sala hlutdeildarskirteina umfram innlaun á árinu 2001 var rúmir 13,5 ma.kr. og var aukningin mest í eignarskattsfjálsjum sjóðum og öðrum sjóðum.


Heildareignir hlutabréfasjóða drógust saman um rúman 1 ma.kr. á árinu 2001 samanborið við um 1,2 ma.kr. lækkun á árinu 2000. Mesta lækkunin varð í stöðu erlendra verðbréfa eða um 2 ma.kr.

Erlend verðbréfafjárfesting dróst verulega saman ...


Árið 2001 voru nettókaup Íslendinga á erlendum verðbréfum alls 3,7 ma.kr. samanborið við 41 ma.kr. árið 2000. Til að finna sambærilegar tölur um nettókaup þarf að leita aftur til árunna 1996 þegar nettókaup voru 2,8 ma.kr. og 1995 þegar nettókaup voru 3,5 ma.kr. Meginskýringin á þessum umskiptum er sú að verulega dró úr fjárfestingum fag-fjárfesta í erlendum verðbréfum árið 2001.

Árið 2001 var fjárfestum óhagstætt og lækkuðu helstu hlutabréfa-

Viðskiptabankar og sparisjóðir



Útlán og verðbréfaeign lífeyrissjóða
Hlutfall af landsframleiðslu




vísitölur í heiminum. Heimsvísitala hlutabréfa Morgan Stanley lækkaði t.d. um 17,8% og Evrópuvísitala hlutabréfa Morgan Stanley um 21,2%. Vísitala gengisskráningarvogar hækkaði á móti um 17,5%. Markaðsvirði erlendra verðbréfa lækkaði því mikið í erlendri mynt en minna í krónum talið árið 2001.

... en aukin viðskipti erlendra aðila með íslensk verðbréf tengdust alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja

Nettókaup erlendra aðila á íslenskum verðbréfum voru jákvæð 2001 um 7,9 ma.kr. samanborið við 14,7 ma.kr. sölu umfram kaup árið 2000.

Töluverð umskipti urðu í viðskiptum erlendra aðila með íslensk verðbréf á árinu 2001. Taka verður þessum tölum með vissum fyrirvara, en nettókaup ársins 2001 mátti að hluta rekja til verðbréfafjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum sem skráð eru á Verðbréfafingni Íslands vegna aukinnar alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja. Einnig má rekja aukninguna til erlendra félaga sem eru á einhvern hátt tengd aðilum með lögheimili á Íslandi.

Á undanförunum árum hefur marghátuðum hindrunum verið rutt úr vegi fyrir verðbréfafjárfestingu erlendra aðila. Má nefna í því sambandi aðild Verðbréfafings Íslands að Norex-samstarfinu og Saxessviðskiptakerfinu sem tengja saman kauphallir Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, tilkomu Verðbréfaskráningar Íslands og síaukna upplýsingagjöf um skráð fyrirtæki og skuldabréf ríkissjóðs. Möguleikar til verðbréfafjárfestingar erlendra aðila ættu að vænkast enn á komandi misserum. Alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja, framhald einkavæðingar samhliða samþykktum og boðuðum breytingum á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja munu stuðla að því.



Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Frá 1. janúar 2000 hefur verið starfræktur Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sem ætlað er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum verðbréfafyrirtækja lágmarksvernd gegn greiðsluferfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 100 m.kr.

Ef aðildarfyrirtæki er ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár er sjóðnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðunnar, verðbréfanna og reiðufjárins. Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta. Ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár skal greiðslu skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 m.kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt

hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Kveðið er nánar á um þessi atriði í lögum nr. 98/1999 og reglugerð nr. 120/2000.

Seðlabanki Íslands sér samkvæmt samningi við Tryggingarsjóð um daglega umsjón og bókhald sjóðsins auk þess sem hann leggur sjóðnum til fundaraðstöðu og ritara. Í febrúar 2001 gerði stjórn sjóðsins samning um fjárvörslu eigna sjóðsins við Búnaðarbankann-verðbréf og Landsbréf hf. (síðar Landsbankann-Landsbréf). Samkvæmt ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2001 var eigið fé innstæðudeildar rúmir 3,3 ma.kr., eða 1,08% af meðaltali tryggðra innstæðna árið 2001. Eigið fé verðbréfadeildar var 43,9 m.kr. en ábyrgðaryfirlýsingar aðildarfyrirtækja sjóðsins brúa bilið frá greindri innborgaðri fjárhæð að lögboðinni lágmarkseign, 100 m.kr. Á árinu 2001 var innheimtur annar áfangi greiðslna aðildarfyrirtækja til verðbréfadeildar. Í nóvember 2001 var verðbréfafyrirtækið Burnham International á Íslandi hf. svipt starfsleyfi og tekið til opinberra skipta í framhaldi af því. Þetta hafði ekki gerst áður hjá aðildafyrirtæki Tryggingarsjóðsins. Ekki var ljóst hvort sjóðurinn yrði fyrir fjárútlátum vegna þessa.


Greiðslumiðlun og fjármálastöðugleiki

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands sem sett voru í maí 2001 skal bankinn stuðla að virku og öruggu greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Með nýju lögnum voru tekin af öll tvímæli um að greiðslukerfi falla undir það hlutverk Seðlabankans að stuðla að öryggi fjármálakerfisins enda er einkar mikilvægt að tryggja virka og örugga starfsemi þeirra. Þetta er í samræmi við erlendar fyrirmyndir enda gegna seðlabankar víðast hvar þýðingarmiklu hlutverki í greiðslukerfum landa sinna.

Hér á landi eru nú tvenns konar greiðslukerfi sem jafnframt eru uppgjörskerfi, þ.e. fjölgreiðslukerfi og stórgreiðslukerfi. Þau eru bæði kerfislega mikilvæg og hafa því þýðingu fyrir fjármálastöðugleika. Reiknistofa bankanna sinnir hugbúnaðarþjónustu fyrir bæði kerfin en Seðlabankinn hefur milligöngu um uppgjör í þeim. Uppgjör vegna verðbréfavíðskipta fer jafnframt fram í gegnum þessi kerfi.

Breytt verkaskipting og stefnumótun

Í júlí var gerð greining á stöðu verkefna Seðlabankans á sviði greiðslumiðlunar og mótuð stefna um framkvæmd þeirra með það að markmiði að laga íslensk greiðslukerfi betur að alþjóðlegum kröfum. Við þá stefnumótun voru einkum hafðar í huga niðurstöður úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (sjá rammagrein) á því hvernig íslensk greiðslukerfi uppfylltu alþjóðlegar kröfur í greiðslumiðlun. Kröfur þessar eru kenndar við svonefndar 10 kjarnareglur.⁵



5. Sjá greinar Tómasar Arnar Kristinssonar Greiðslukerfi – ný viðmið í Peningamálum 2000/4 og Hallgríms Ásgeirssonar Þróun greiðslu- og uppgjörskerfa í Peningamálum 2001/4.

Það var mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á þeim tíma að bæta mætti verulega ýmis atriði varðandi greiðslumiðlun hér á landi til þess að uppfylla að öllu leyti sjö af hinum tíu kjarnareglum. Sérstaklega var bent á að nauðsynlegt væri að koma á áhættustýringu í kerfunum, setja skýrari reglur um starfsemi þeirra, upplýsa þátttakendur um kerfisáhættur, koma á uppgjörstryggingum, þróa viðbúnaðaráætlun og auka gagnsæi í starfsemi kerfanna.

Seðlabanki Íslands hafði þegar hafið undirbúning frekari umbóta á innlendri greiðslumiðlun en í kjölfar ábendinga sjóðsins var ákveðið að til að byrja með yrði lögð höfuðáhersla á þróun fjölgreiðslukerfis fyrir greiðslur undir stórgreiðslumörkum. Jafnframt var ákveðið að þegar vinna við þróun þess kerfis yrði komin vel á veg yrði unnið að frekari þróun stórgreiðslukerfis Seðlabankans. Þá var talið nauðsynlegt að huga að uppgjöri vegna verðbréfavíðskipta í kjölfar breytinga á greiðslukerfunum.

Þróun fjölgreiðslukerfis er komin vel á veg ...

Jöfnunarkerfi fyrir smágreiðslur, sem nefnt hefur verið fjölgreiðslukerfi annast framkvæmd, jöfnun og uppgjör greiðslufyrirmæla sem eru undir stórgreiðslumörkum. Fjölgreiðslukerfið jafnar uppsöfnuð greiðslufyrirmæli milli þátttakenda einu sinni á dag og framkvæmir uppgjör í kjölfarið. Uppgjörið fer fram á uppgjorsreikningum þátttakenda í Seðlabankanum.

Fjölgreiðslukerfið er formlega í umsjón Fjölgreiðslumiðlunar hf. (FGM) sem er í eigu íslenskra viðskiptabanka og greiðslukortafyrirtækja, auk Seðlabankans. Seðlabankinn hefur haft frumkvæðið að þróun fjölgreiðslukerfisins. Af hálfu Seðlabankans var talið nauðsynlegt að gerð yrði lýsing á meginþáttum í starfsemi kerfisins. Í ágústmánuði kynnti Seðlabankinn stjórn FGM drög að slíkri kerfislýsingu. Byggðist hún á lögum um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum nr. 90/1999 og var henni ætlað að vera grundvöllur að vinnu Reiknistofu bankanna við hönnun hugbúnaðarlausna til þess að mæta ofangreindum alþjóðlegum kröfum. Kerfislýsingunni var jafnframt ætlað að vera grunnur að opinberum reglum fyrir fjölgreiðslukerfi settum með stoð í 38. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Í september 2001 samþykkti stjórn FGM kerfislýsinguna. Í kjölfarið var þess óskað að Reiknistofa bankanna hannaði hugbúnað sem uppfyllti þær kröfur sem skilgreindar voru í kerfislýsingunni. Með það að markmiði að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti varðandi útfærslu, notkun og hentugleika kerfisins voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum viðskiptabankanna, FGM og Seðlabankans. Í desember 2001 samþykkti stjórn FGM síðan tillögu Seðlabankans um tiltekna breytingar á kerfislýsingunni þar sem tekin voru inn atriði er vörðuðu m.a. uppgjörstryggingar, uppgjörstíma, leiðréttingarfærslur og hámarksfjárhæð greiðslufyrirmæla.

Af hálfu markaðsaðila var ekki talið fært að skerða þjónustu við viðskiptamenn lánastofnana með því að seinka aðgangi þeirra að greiðslum fram til næsta dags eftir að greiðslufyrirmæli eru gefin. Þessi

afstaða mótaði þær leiðir sem lagðar voru til í kerfislýsingunni. Ef ekki hefði þurft að byggja á þessari forsendu hefði verið einfaldara að koma til móts við kröfur um áhættustýringu þátttakenda í kerfinu. Ljóst var að koma þyrfti á kerfi sem (a) sýndi í rauntíma skuldastöður (þ.e. jöfnunarstöður) milli þátttakenda, (b) setti hámark á þær stöður, (c) gerði kröfur um vöktun þátttakenda á stöðunum og viðbrögð þeirra ef staða væri að ná hámarki, og (d) gerði kröfur um tryggingar vegna uppgjörs á jöfnunarstöðum.

Rauntímajöfnunarstöður milli þátttakenda í kerfinu verða þannig gerðar sýnilegar svo þeir geti fylgst með og stýrt áhættu vegna greiðslumiðlunarinnar. Kerfið verður opið allan sólarhringinn og viðskiptamenn munu áfram hafa aðgang að peningum sem lagðir eru inn á reikninga um leið og innborganir fara fram. Þátttakendur semja um gagnkvæmar heimildir vegna innbyrðis jöfnunarstöðu og leggja fram tryggingar fyrir uppgjöri á hæstu einstakri heimild. Jafnframt verður komið á kerfi þar sem þátttakendur geta lagt laust fé inn á sérstaka reikninga til þess að mæta tímabundnu ójafnvægi í innbyrðis greiðslustöðu.


Áætlað er að hönnunarvinnu Reiknistofu bankanna ljúki í apríl 2002. Verður kerfið þá prófað í nokkra mánuði svo reynsla fáiast af notkun þess. Í kjölfarið verða teknar endanlegar ákvarðanir um hámarksjöfnunarstöður milli þátttakenda svo og um fjárhæð og fyrirkomulag uppgjörstrygginga. Þá er gert ráð fyrir að opinberar reglur um fjölgreiðslukerfi verði settar 2002.


... breytingar voru gerðar á stórgreiðslukerfinu ...

Stórgreiðslukerfi var tekið í notkun í desember 2000. Kerfið gerir endanlega upp einstök greiðslufyrirmæli um leið og innstæða á reikningi greiðanda leyfir, þ.e. um er að ræða brúttóuppgjör í rauntíma (e. real-time gross settlement system). Stórgreiðslukerfið færir þannig greiðslufyrirmæli yfir stórgreiðslumörkum beint á viðskiptareikninga þátttakenda í Seðlabankanum eða af þeim.

Til ársins 2001 gátu þátttakendur í stórgreiðslukerfinu gefið fyrirmæli um greiðslur án takmarkana að því er varðar fjárhæð, tryggingar eða tíma dags. Við þá greiningu verkefna á sviði greiðslumiðlunar sem fram fór á árinu 2001 var talið nauðsynlegt að takmarka þessar heimildir þátttakenda í stórgreiðslukerfinu í því skyni að draga úr kerfisáhættu.

Fyrsta skrefið í þessa átt fólst í því að lækka stórgreiðslumörkin, þ.e. lágmarksfjárhæð greiðslufyrirmæla í stórgreiðslukerfinu. Þessi fjárhæð hafði verið 100 m.kr. Var talið að með því að lækka verulega fjárhæðina myndi draga úr kerfisáhættu þar sem tilkoma fjölda nýrra, lægri greiðslna myndi jafna út sveiflur í greiðslustöðu þátttakenda. Slík lækking myndi jafnframt hafa æskileg áhrif á fjölgreiðslukerfið þar sem hæstu greiðslufyrirmælin yrðu tekin úr því kerfi og færð í stórgreiðslukerfið. Að höfðu samráði við lánastofnanir og FGM tók bankastjórn Seðlabankans formlega ákvörðun í desember um lækkingu á stórgreiðslumörkunum í 25 m.kr. Breytingunni var vel tekið af hálfu lánastofnana og gekk framkvæmd hennar vel.





Samhliða þessari ákvörðun var hafinn undirbúningur að því að takmarka starfrækslutíma stórgreiðslukerfisins. Ótakmarkaður afgreiðslutími skapaði kerfisáhættu þar sem hægt var að gefa fyrirmæli um afgreiðslu ótakmarkaðra fjárhæða að kvöldi eða að nóttu án sérstaks eftirlits eða áhættustjórnunar. Í janúar 2002 ákvað bankastjórn Seðlabankans að stórgreiðslukerfið yrði fyrst um sinn starfrækt frá kl. 8.45 til kl. 18.00 á almennum viðskiptadögum banka og sparisjóða. Ákvörðunin byggir á 5. gr. reglna nr. 951/2000 um aðgang að uppgjörsreikningum í Seðlabanka Íslands og var tekin að höfðu nánú samráði við lánastofnanir og FGM. Seðlabankinn tók þátt í undirbúningi kynningar á breytingunni til þeirra viðskiptamanna lánastofnana sem nýtt hafa sér stórgreiðslukerfið utan almenns afgreiðslutíma. Stefnt er að því að færa lokunartíma kerfisins fram til kl. 17.00 síðar á árinu 2002.

Næstu skref Seðlabankans að því er varðar stórgreiðslukerfið eru að semja drög að reglum um starfsemi kerfisins og koma á skilvirku áhættustýringarkerfi. Verður þar höfð hliðsjón af þeirri vinnu sem lokið er fyrir fjölgreiðslukerfið.

... og eftirlit, viðbúnaðaráætlun og viðurkenning greiðslukerfa í undirbúningi

Á árinu 2001 fóru fram viðræður á milli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um tilhögun eftirlits með greiðslukerfum. Beindust þær m.a. að því að í reglum Seðlabankans um greiðslukerfi yrði kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hefði eftirlit með framkvæmd þátttakenda á reglum kerfisins. Jafnframt undirbjó Seðlabankinn viðbúnaðaráætlun vegna greiðslukerfa.

Þegar endanleg skipan greiðslumiðlunar í greiðslukerfunum hefur verið ákveðin, nauðsynlegar reglur verið settar og hönnunar- og undirbúningsvinnu lokið verða kerfin viðurkennd og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999.

Seðlar og mynt í umferð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu dróst saman

Seðlabanki Íslands hefur einkaleyfi á því að gefa út seðla og mynt á Íslandi. Til að viðhalda gæðum og trúverðugleika íslenskra seðla tekur Seðlabankinn við og afhendir seðla, greinir þá í nothæfa og ónothæfa, leitar að fölsuðum seðlum, eyðir ónothæfum og óhreinum seðlum og endurnýjar seðla, sem eytt hefur verið. Á árinu 2001 bárust seðlagreiningardeild um 18 milljónir seðla til vinnslu, sem þýðir að hver seðill í umferð hafi borist deildinni að meðaltali þrisvar á árinu.

Seðlar og mynt í umferð utan Seðlabankans og innlánsstofnana námu 7.412 m.kr. í árslok 2001. Aukning á árinu var 3,6% en árið 2000 var hún 0,2%. Síðustu tvö ár hefur þessi stærð hækkað lítið, þrátt fyrir nokkra verðbólgu, hagvöxt og fólksfjölgun. Í árslok 2001 voru seðlar og mynt í umferð í hlutfalli af vergri landsframleiðslu um 0,99% og lækkaði um 0,07 prósentustig frá árslokum 2000. Í hagkerfum nágrannalanda okkar er þetta hlutfall mun herra.

...rafræn greiðslumiðlun óx jafnhliða verulegri fækkun tékka

Notkun tékka í viðskiptum dróst enn saman á árinu 2001. Tékkafærslum fækkaði um rúmlega 23% úr 4,5 milljónum í 3,5 milljónir. Heildarvelta tékka ásamt millifærslum af reikningum minnkaði um 15,4% milli ára, nam um 470 ma.kr. árið 2001 samanborið við rúmlega 550 ma.kr. árið 2000. Lítil breyting varð á fjölda debetkortafærslna milli ára og voru þær árið 2001 rúmlega 39 milljónir. Beinar skuldfærslur, millifærslur og innborganir voru því rúmlega 73 milljónir og fjölgaði um tæplega 14% á milli þessara sömu ára. Heildarvelta debetkorta jókst hinsvegar um rúmlega 10% úr 286 ma.kr. árið 2000 í 316 ma.kr. og velta kreditkorta jókst úr 123 ma.kr. í rúmlega 140 ma.kr. eða um 14,5%.

III

ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI SEÐLABANKA ÍSLANDS

ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI SEÐLABANKA ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands gegnir veigamiklum skyldum á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn hefur náð samráð við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála. Vegna verkefna bankans í tengslum við erlend lánamál ríkissjóðs og vörslu gjaldeyrisforðans á hann samskipti við fjölda fjármálastofnana víða um heim.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri var fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu. Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu var varafulltrúi.

Ísland starfar með Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja 24 fulltrúar. Fastafulltrúi á árinu var Olli-Pekka Lehmuusaari frá Finnlandi og varafulltrúi Sviinn Áke Törnqvist. Fjárhagsnefnd (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee) Norðurlanda og Eystrasaltslanda hefur það hlutverk að samræma og stjórna samstarfinu innan kjördæmisins. Formaður hennar á árinu 2001 var Johnny Ákerholm í finnska fjármálaráðuneytinu. Sérstök fulltrúanefnd fjallar um ýmis sameiginleg málefni kjördæmisins. Aðildarríki sjóðsins eru nú 183.

Sendinefnd frá sjóðnum átti reglubundnar viðræður við fulltrúa íslenskra stjórnvalda um efnahagsmál í janúar 2001. Skýrsla sendinefndarinnar og skýrsla sérstakrar sendinefndar sem gerði úttekt á íslensku fjármálakerfi í nóvember 2000 voru ræddar í framkvæmdastjórn sjóðsins í maí 2001 og í kjölfar þess gefnar út á heimasíðu sjóðsins í júní 2001.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) er sjóðráði til ráðuneytis. Fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna í henni var fjármálaráðherra Finnlands Sauli Niinistö. Á fundum hennar á árinu 2001 var meðal annars fjallað

um ástand og horfur í efnahagsmálum heimsins, ekki síst hvernig bregðast mætti við mjög versnandi horfum á seinni hluta ársins. Þá var fjallað um breytingar í starfi sjóðsins, meðal annars um þá auknu áherslu sem hann leggur á efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika, hvernig hann beinir sjónum sínum í vaxandi mæli að ástandi fjármálamarkaða og að leiðum til þess að koma í veg fyrir alvarleg áföll, skilyrði í lánasamningum sjóðsins við aðildarlöndin, stjórnfestu og síðast en ekki síst leiðir til þess að hindra peningaþvætti og aðra glæpsamlega fjármálastarfsemi, meðal annars fjármögnun hryðjuverka. Hið síðastnefnda var meginumfjöllunarefni fundar nefndarinnar sem haldinn var í Ottawa í Kanada í nóvember 2001 og á honum samþykkti nefndin að sjóðurinn skyldi láta sig varða þessi mál meira en áður og hvatti aðildarlöndin til þess að grípa til aðgerða til þess að hindra fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.¹

Í aðdraganda funda fjárhagsnefndarinnar eru haldnir varafulltrúafundir (IMFC Deputies meetings) þar sem rædd eru ýmis megingdag-skrárefni væntanlegs fundar fjárhagsnefndarinnar.

Sem fyrr segir eiga Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin með sér náði samstarf á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í ársbyrjun 2002 tók Ísland við forystu í kjördæmi þeirra. Í því felst að Geir H. Haarde fjármálaráðherra tekur sæti í fjárhagsnefnd sjóðsins, Ólafur Ísleifsson framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Seðlabankans verður fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington, Ingimundur Friðriksson aðstoðarbankastjóri Seðlabankans verður formaður fjárhagsnefndar Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna og Seðlabankinn tekur að sér að stjórna samræmingu á afstöðu landanna átta til mikilvægra mála sem til umfjöllunar koma í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans eru jafnan haldnir á haustin, tvö af hverjum þremur árum í Washington og eitt árið annars staðar. Haustið 2001 átti að halda ársfundina í Washington en vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september voru þeir ekki haldnir af öryggisástæðum. Fundur fjárhagsnefndar sjóðsins sem halda átti í tengslum við ársfundina var haldinn í Ottawa í Kanada í nóvember eins og þegar hefur verið getið.

Breytingar urðu í forystu og skipulagi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu. Þar ber hæst að Anne Krueger tók við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra af Stanley Fischer sem verið hafði aðstoðarframkvæmdastjóri í sjö ár. Nýrri deild var komið á laggirnar sem fjallar um alþjóðafjármálamarkaði (International Capital Markets Department).

Á árinu varð talsverður samdráttur í hagvexti aðildarlanda sjóðsins og markaði það umræður innan sjóðsins og aðgerðir hans á árinu á sviði efnahagsaðstoðar og ráðgjafar. Meðal sérstakra viðfangsefna var aukin viðleitni til að styrkja innviði alþjóðlega fjármálakerfisins til að draga úr

1. Yfirlýsingar nefndarinnar og ávörp einstakra nefndarmanna má finna á heimasíðu sjóðsins, www.imf.org.

líkum á fjármálakreppum. Sérstökum athugunum á fjármálakerfum einstakra landa fjölgaði og áhersla var lögð á öflun og birtingu áreiðanlegra upplýsinga um hagkerfi aðildarlanda sjóðsins. Þá var unnið að því að finna flöt fyrir aukna þátttöku einkageirans við úrlausn fjármálakreppa. Árangur náðist í sameiginlegu átaki sjóðsins og Alþjóðabankans sem miðar að því að afskrifa hluta erlendra skulda fátækra þróunarríkja og draga úr fátækt með skipulögðum efnahagsaðgerðum. Sérstök áhersla var lögð á baráttu gegn spillingu og peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Jafnframt var unnið að lausn efnahagsvandamála einstakra aðildarríkja og má sérstaklega nefna fjárhagsaðstoð við Tyrkland og Argentínu.

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel, Bank for International Settlements (BIS). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknastofnun á sviði hagfræði og ekki síst peningamála. Undanfarin ár hefur bankinn í vaxandi mæli beint athyglinni að eftirliti með starfsemi fjármálastofnana og fjárhagslegu öryggi þeirra. Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í ýmsum fundum á vegum BIS.

Samstarf við aðra seðlabanka

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum. Bankastjórar norrænu seðlabankanna halda árlegan fund þar sem fjallað er um ýmsar hliðar peningamála. Þá eiga sérfræðingar bankanna á mörgum sviðum með sér náð samstarf og skiptast á upplýsingum, m.a. um ávöxtun gjaldeyrisforða, markaðsviðskipti, lögfræðileg efni, hagrannsóknir, peningamál almennt, fjármálastöðugleika, lausafjárstyringu og viðbúnað, starfsmannamál, upplýsingamiðlun o.fl. Norrænu seðlabankarnir skiptast einnig á starfsmönnum á hverju ári.

Seðlabankinn á einnig nán samskipti við ýmsa aðra seðlabanka, þar á meðal Seðlabanka Evrópu. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands á reglulega fundi með bankastjóra Seðlabanka Evrópu og fulltrúar Seðlabankans hafa átt fundi með sérfræðingum hans um ýmislegt sem varðar mótun og framkvæmd peningastefnu.

OECD

Starfsmenn Seðlabanka Íslands taka reglulega þátt í starfi ýmissa nefnda á vettvangi OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðanefndin og sérfræðinganefnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma reglulega til Íslands til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda um framvindu efnahagsmála en hliðstæðar viðræður fara fram við öll aðildarríki OECD. Í kjölfar viðræðnanna eru gefnar út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum. Stofnunin gaf síðast út skýrslu um efnahagsmál vorið 2001.

Aðrar fjármálastofnanir

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir víða um heim.

VARSLA OG ÁVÖXTUN GJALDEYRISFORÐANS


Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að hlutverk hans sé m.a. að varðveita gjaldeyrisvarasjóð. Í gjaldeyrisforða eru eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, gull, sérstök dráttarréttindi og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Með sérstökum dráttarréttindum er átt við eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í reikningseiningunni SDR. Skilyrðið um tryggja ávöxtun forðans leiðir til þess að skýrar kröfur eru gerðar til stofnana sem bankinn skiptir við og verðbréfa sem bankinn kaupir. Fé er fest á reikningum í erlendum bönkum og í skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD. Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölþjóðastofnanir, bankar, fjármálastofnanir og fyrirtæki. Seðlabankinn fylgir þeirri stefnu að fjárfestingarkostir skulu fullnægja lágmarkskröfum um lánshæfi. Skal lánshæfiseinkunn langtímabréfa vera að lágmarki í A-flokki að mati viðurkenndra matsfyrirtækja. Skammtímabréf skulu hafa að lágmarki lánshæfiseinkunnina A-1 eða P-1 að mati sömu aðila. Sömu lánshæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður bankans.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands setur bankastjórn starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins sem bankaráð staðfestir. Þorri forðans er samkvæmt bankastjórnarsamþykkt bundinn í eignum til lengri tíma en eins árs en hluti hans skal vera í óbundnum eignum. Óbundnar eignir eru skammtímaeignir sem lausar eru með allt að tveggja daga fyrirvara. Meðalbínditími verðbréfa í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri en 5 ár. Gulleign bankans nam tæplega 62 þúsund únsaum í lok ársins 2001 að verðmæti tæplega 1,8 ma.kr. Gullið er varðveitt í Englandsbanka og er leigt út gegn leigutekjum í gulli.


Seðlabanki Íslands hefur gert samninga um fyrirvaralausan aðgang að lánum við allmarga erlenda banka. Seðlabankinn notar þessa samninga til að styrkja gjaldeyrisforðann þegar þörf krefur. Í árslok 2001 námu samningsbundnar lánsheimildir bankans fjárhæð sem svarar til um 70 ma.kr. Auk þess hefur Seðlabankinn ósamningsbundinn aðgang að lánsfé í fjölmörgum erlendum fjármálastofnunum. Í lok ársins stóðu yfir viðræður við Union Bank of Norway um skuldbindandi lánasamning að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadala, um 20 ma.kr., til 5 ára. Samningur var undirritaður í febrúar 2002.

Með gjaldeyrisjöfnuði er átt við gengisbundnar eignir Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuldum. Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að gjaldeyrisáhætta sé sem minnst. Í samsetningu gjaldeyrisjafnaðar vega þýngst Bandaríkjadalur og evra, þá

Erlendar skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í lok árs



Afborganir af erlendum langtímalánum ríkissjóðs



Vægi mynta í erlendum lánum ríkissjóðs í lok árs

	1999	2000	2001
Bandaríkjadalir.....	27,7	33,9	40,6
Japönsk jen.....	14,3	12,3	7,1
Evrópskar myntir.....	58,0	53,9	52,2
Þýsk mörk.....	25,6	18,5	6,8
Sterlingspund.....	13,3	11,8	9,8
Svissn. frankar.....	7,9	7,9	3,1
Franskir frankar.....	-	-	-
Evrur.....	11,2	15,7	32,5

Heimild: Seðlabanki Íslands.

sterlingspund og japanskt jen en eign í öðrum myntum er haldið í lágmarki.

ERLEND LÁNAMÁL RÍKISSJÓÐS

Samningur endurnýjaður

Samkvæmt samningi við fjármálaráðherra annast Seðlabanki Íslands erlend lánamál ríkissjóðs og hefur gert um áratuga skeið. Samningurinn var síðast endurnýjaður á árinu 2001. Á árinu voru gerðir tveir mikilvægir samningar á alþjóðlegum lánamörkuðum sem styrkja stöðu og möguleika ríkissjóðs til öflunar á erlendu lánsfé. Hér ræðir annars vegar um útgáfusamning um skuldabréf á Evrópumarkaði, svokallaðan MTN-samning sem undirritaður var í mars og hins vegar um samning um víxlaútgáfu á Bandaríkjamarkaði, svonefndan USCP-samning sem undirritaður var í október.

Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði

Útgáfusamningur um skuldabréf á Evrópumarkaði, svonefndur MTN-samningur (e. Medium Term Notes), var undirritaður í lok mars. Undirbúningur hafði þá staðið yfir um nokkurt skeið. Samningurinn tryggir ríkissjóði bætta aðgang að helstu lánamörkuðum og breiðar hóp mögulegra fjárfesta í útgáfum hans. Samningurinn gefur færi á auknum sveigjanleika við lánsfjáröflun og sparar útgáfukostnað. Samningurinn leyfir að útstandandi fjárhæð sé samtals allt að einum milljarði Bandaríkjadala hverju sinni eða jafnvirði þeirra í öðrum gjaldmiðlum. Mögulegt er að gefa út á grundvelli samningsins hvort sem er opinberar útgáfur eða einkaútgáfur. Schroder Salomon Smith Barney hafði umsjón með gerð samningsins. Miðlarar eru Daiwa SBCM Europe, Dresdner Kleinworth Wasserstein, Schroder Salomon Smith Barney, SEB Merchant Banking og UBS Warburg.

Nýr samningur um víxlaútgáfu ríkissjóðs á Bandaríkjamarkaði

Í október 2001 var undirritaður útgáfusamningur um víxla á Bandaríkjamarkaði, svonefndur USCP-samningur (e. US Commercial Paper Program). Útgáfufjárhæð má nema allt að einn milljarði Bandaríkjadala. Bandaríski víxlasamningurinn kemur til viðbótar útgáfusamningi ríkissjóðs um víxla á Evrópumarkaði. Víxlasamningarnir tveir tengjast á þann veg að samanlögð útgáfufjárhæð má ekki fara yfir einn milljarð Bandaríkjadala. Með hinum nýja USCP-samningi er ríkissjóði opnaður samningsbundinn aðgangur að stærsta víxlamarkaði heims og fleiri fjárfestum en áður. Eykur þetta öryggi í víxlaútgáfu ríkissjóðs og skýtur stoðum undir skammtímafjármögnun og lausafjárstyrkingu hans. Salomon Smith Barney hafði umsjón með gerð samningsins. Miðlarar eru Salomon Smith Barney og J.P. Morgan í New York. Umsjónaraðili með samningnum er Citibank N.A. Fyrsti víxill á Bandaríkjamarkaði var gefinn út um miðjan janúar 2002.

Endurfjármögnun á erlendum lánum ríkissjóðs

Á árinu 2001 kom á gjalddaga skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs frá árinu 1996 að fjárhæð 350 milljónir þýskra marka sem jafngildir um 15 ma.kr. Lánið var endurfjármagnað með skuldabréfaútgáfu að fjárhæð 250 milljónir evra til 5 ára á grundvelli nýgerðs MTN-samnings. Gengi bréfaanna við útgáfu var 99,947 og þóknun til banka 0,15% af útgáfufjárhæð. Að teknu tilliti til útgáfugengis og lántökukostnaðar nemur heildarkostnaður ríkissjóðs 0,02% undir millibankavöxtum. Umsjón með útgáfunni hafði Dresdner Kleinwort Wasserstein en aðrir bankar sem komu að henni voru Schroder Salomon Smith Barney, Commerzbank, Nomura Bank og SE-Banken. Andvirði lánsins var að verulegu leyti varið til að endurfjármagna fyrrgreint lán ríkissjóðs í þýskum mörkum. Hluti af andvirði lánsins var notaður til að lækka útistandandi fjárhæð í víxlaútgáfu ríkissjóðs á Evrópumarkaði.


Erlent lán ríkissjóðs til styrktar erlendri stöðu Seðlabanka Íslands

Í júní 2001 ákváðu stjórnvöld að ríkissjóður tæki erlent lán að fjárhæð 25 ma.kr. sem meðal annars yrði varið til að efla erlenda stöðu Seðlabankans. Lánsfjárin var aflað í október með þremur einkaútgáfum sem seldar voru lokuðum hópi fjárfesta á grundvelli MTN-samningsins. Samið var um útgáfu í Bandaríkjadöllum til þriggja ára og tvær útgáfur í evrum til fjögurra ára. Gjald dagar lánanna eru á árunum 2004-2005, sem fellur vel að afborgunarferli erlendra lána ríkissjóðs. Kostnaður ríkissjóðs er nálægt millibankavöxtum.

Lánastýring og áhættugreining

Seðlabankinn fylgir þeirri stefnu við erlendar lántökur ríkissjóðs að gæta þess að endurgreiðslur dreifist sem jafnast á komandi ár. Stýring á erlendum lánum ríkissjóðs felur jafnframt í sér að samsetning lána sé með hagkvæmum hætti, svo sem með tilliti til vaxtakjara, lánstíma og gjaldmiðlasamsetningar. Á undanförunum árum hafa uppsagnarákvæði lánasamninga verið nýtt til þess að endurfjármagna lánsfé með hagkvæmari kjörum en áður giltu. Jafnframt hefur verið ráðist í vaxta- og gjaldmiðlaskipti til að ná markmiðum á sviði lánastýringar. Í árslok 2001 námu langtímalán ríkissjóðs um 153 ma.kr. og útistandandi fjárhæð víxla ríkissjóðs á Evrópumarkaði um 45 ma.kr. Um 40,6% erlendra lána ríkissjóðs voru í Bandaríkjadöllum, 7,1% í japönskum jenum og 52,2% í ýmsum Evrópugjaldmiðlum. Um 38,8% erlendra lána voru í evrum og evrutengdum myntum. Hlutdeild evrópskra mynta lækkaði lítillega milli árana 2000 og 2001, úr 54% í 52%, og hlutdeild Bandaríkjadals hækkaði og var í lok árs 2001 tæplega 41% en var 34% í lok árs 2000. Í árslok 2001 báru 33% erlends lánsfjár ríkissjóðs fasta vexti en 42% ef einungis er litið til langtímalána. Meðallánstími erlendra langtímalána var 3,43 ár og meðalbinditími var 1,08 ár. Meðallánstími erlendra lána að meðtöldum skammtímalánum var 2,75 ár og meðalbinditími 0,85 ár.

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði 1989-2001



Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði

Ríkissjóður stendur fyrir umfangsmikilli alþjóðlegri útgáfu víxla á Evrópumarkaði. Leyfileg útistandandi hámarksfjárhæð útgáfunnar er 500 milljónir Bandaríkjadala. Jafnframt er heimilt að gefa út víxla í helstu gjaldmiðlum. Víxlar ríkissjóðs eru gefnir út með ávöxtun sem að jafnaði er um 0,1% undir millibankavöxtum í Lundúnum. Víxlar á Evrópumarkaði eru seldir fyrir atbeina fjögurra fjármálastofnana. Þær eru Citibank International, J.P. Morgan Securities, SEB og Deutsche Bank. Við útgáfu hvers víxils er samið um fjárhæð, lánstíma og ávöxtun í ljósi stöðu markaða á hverjum tíma. Við lok ársins 2001 nam fjárhæð útistandandi víxla 434 milljónum dala sem svaraði til um 44,8 ma.kr. Heildarútgáfa ríkissjóðs á árinu 2001 nam jafnvirði 1.730 milljóna Bandaríkjadala, eða um 180 ma.kr.

Lántökur ríkisstofnana með ríkisábyrgð

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 var kveðið svo á að stofnunum með ríkisábyrgð væri skylt að kynna áform sín um lántökur fyrir Seðlabanka Íslands og leita eftir samþykki hans í umboði fjármálaráðuneytisins á kjörum og skilmálum. Er þetta samráð nú bundið í lögum um Lánasýslu ríkisins og samningi fjármálaráðherra og Seðlabankans. Gerðir voru tveir erlendir lánsamningar með ríkisábyrgð á árinu 2001 auk samninga Landsvirkjunar. Þessir tveir samningar voru báðir gerðir við Norræna fjárfestingarbankann. Byggðastofnun tók lán að fjárhæð um 11,3 milljónir evra og Ferðamálasjóður tók lán að fjárhæð um 1,2 milljónir evra. Samtals var jafnvirði þessara lána um 1,1 ma.kr. Landsvirkjun tók á árinu ný lán að jafnvirði um 267 milljóna Bandaríkjadala en greiddi á móti upp lán að fjárhæð um 40 milljónir Bandaríkjadala.

Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi gegna matsfyrirtæki mikilvægu hlutverki í lánshæfismati lánþega. Á þeim vettvangi kveður mest að bandarísku matsfyrirtækjunum Moody's Investors Service og Standard & Poor's, auk evrópska matsfyrirtækisins Fitch. Reynslan hefur sýnt að lánshæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur greitt fyrir lántöku á alþjóðlegum markaði. Alþjóðlegar lánastofnanir og fjárfestar reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja þegar ákvarðanir eru teknar um vexti og önnur lánskjör. Ísland hefur notið mikils trausts sem lántakandi á alþjóðlegum markaði eins og sést á góðum lánshæfiseinkunnum undanfarinna ára. Allir helstu markaðir, austan- og vestanhafs, eru opnir ríkissjóði.

Sendinefndir matsfyrirtækjanna Moody's og Fitch komu til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda á árinu og staðfestu fyrra mat sitt á stöðu og horfum. Standard & Poors staðfesti einnig einkunn sína en breytti horfum um matið úr stöðugum í neikvæðar.

Lánshæfiseinkunn Moody's er Aa3 fyrir erlendir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar sem er hæsta skammtímaeinkunn sem fyrirtækið gefur. Lánshæfiseinkunn Moody's fyrir

innlendar skuldbindingar til langs tíma er hæsta einkunn, Aaa og til skamms tíma P-1.

Fitch gefur láns hæfiseinkunnina AA- fyrir erlendar langtíma-skuldbindingar og F1+ fyrir skammtímaskuldbindingar. Jafnframt veitir Fitch einkunnina AAA fyrir innlendar langtímaskuldbindingar. Hæstu einkunnir eru gefnar fyrir innlendar skuldbindingar og erlendar skuldbindingar til skamms tíma, það er AAA og F1+.

Einkunn Standard & Poors fyrir langtímaskuldir í erlendri mynt er A+. Breytt mat fyrirtækisins á horfum um einkunnina á árinu 2001 orsakaðist meðal annars af viðskiptahalla, aukinni skuldasöfnun erlendis og minni hagvexti. Einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt er A-1+ sem er hæsta skammtímaeinkunn sem fyrirtækið gefur. Láns hæfiseinkunn Standard & Poor's fyrir innlendar skuldbindingar til langs tíma er AA+ og A-1+ til skamms tíma sem er hæsta skammtímaeinkunn fyrirtækisins.

ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGAMÁL

Seðlabanki Íslands gerir sér far um að birta reglulega sem bestar upplýsingar um þá starfsemi sem undir hann heyrir til þess að stuðla að faglegru og upplýstri umræðu sem getur orðið grunnur að vel ígrunduðum ákvörðunum í efnahags- og peningamálum. Lög in um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega eigi sjaldnar en ársfjórðungslega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þetta gerir bankinn í ársfjórðungsriti sínu, Peningamálum. Seðlabankinn hefur lagt áherslu á að gera í ársskýrslu sinni grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni auk þess sem jafnan er gerð ítarleg grein fyrir reiknings-skilaaðferðum og ýmsum stærðum í skýringum með ársreikningnum. Þá gerir formaður bankastjórnar sérstaklega grein fyrir stefnu bankans á ársfundi hans.

Með þessu leggur bankinn áherslu á að skýra sem best stefnu sína og aðgerðir í peningamálum. Upplýsingarnar eru birtar í ýmsum fréttum, ritum og skýrslum. Auk þess er vefur bankans nýttur til þess að koma upplýsingum á framfæri, oft áður en hin prentaða útgáfa er tilbúin. Rit Seðlabanka Íslands gefin út á árinu 2001 eru talin upp í viðauka. Talnalegar upplýsingar eru birtar í Hagtölum Seðlabankans á vef bankans. Seðlabankinn gerir sér far um að kynna starfsemi sína fyrir almenningi, m.a. með því að taka á móti námsmönnum og öðrum hópum.

Bankinn miðlar rannsóknarniðurstöðum sínum m.a. með útgáfu fjölda ritraða. Bankinn gefur hálfárslega út ritið Fjármálatíðindi, sem er vettvangur fræðilegra rannsókna um efnahagsmál. Áttu starfsmenn bankans þrjár rannsóknaritgerðir í ritinu á árinu 2001. Í ársfjórðungsritinu Peningamál birtast oft niðurstöður rannsókna starfsmanna bankans er tengjast peningastefnunni. Árið 2001 birtust í ritinu sjö greinar eftir sérfræðinga bankans um ýmis málefni er tengjast peningastefnunni og

Mat á láns hæfi ríkissjóðs í lok árs 2001

Skuldbindingar í erlendri mynt:	Langtíma	Skammtíma
Moody's Investors Service	Aa3	P-1
Standard & Poor's	A+	A-1+
Fitch	AA-	F1+

Skuldbindingar í íslenskum krónum:	Langtíma	Skammtíma
Moody's Investors Service	Aaa	P-1
Standard & Poor's	AA+	A-1+
Fitch	AAA	F1+

starfsemi Seðlabankans almennt. Flestar þessar greinar birtast einnig í enskri útgáfu ritsins, Monetary Bulletin. Þá gefur bankinn út rannsóknarritröð á ensku, undir heitinu Central Bank of Iceland Working Papers, þar sem birtar eru rannsóknir sem eru stundaðar innan og utan bankans. Á árinu 2001 voru gefnar út fjórar ritgerðir í ritröðinni eftir sérfræðinga bankans sem og alþjóðlega þekktu fræðimenn. Má þar nefna ritgerð eftir Joseph E. Stiglitz um stjórn peninga- og gengismála á Íslandi, en hann fékk Nóbelsverðlaunin í hagfræði í nóvember 2001.

Að lokum birtu sérfræðingar bankans á árinu fjórar rannsóknarritgerðir í erlendum fræðiritum. Seðlabankinn telur mikilvægt að rannsóknir sérfræðinga bankans fái birtar í alþjóðlega viðurkenndum vísindaritum.

BÓKA- OG SKJALASAFN

Bóka- og skjalasafn Seðlabanka Íslands er að mestum hluta til húsa í Einholti 4 í Reykjavík. Þar er einnig myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns sem opið er almenningi alla virka daga. Tímarita- og handbókasafn er í húsi bankans við Kalkofnsveg. Bókasafn Seðlabankans, sem er mikið heimildasafn um íslensk efnahags- og atvinnumál, er skráð í Gegni, skráningarkerfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Í lok árs 2001 voru rúmlega 22 þúsund færslur merktar safninu í Gegni. Seint á árinu 2001 tók Seðlabankinn í notkun fullkomið rafrænt skjalavistunarkerfi.

RANNSÓKNIR

Í Seðlabankanum eru stundaðar margvíslegar rannsóknir sem tengjast viðfangsefnum bankans. Meðal helstu verkefna sem unnið var að á árinu 2001 má nefna rannsóknir tengdar ramma peningastefnunnar og verðbólguferlinu. Viðfangsefnin voru meðal annars stjórn peningamála með formlegu verðbólgu-markmiði, starfsemi og ferli ákvörðunartöku sjálfstæðs seðlabanka með formlegt verðbólgu-markmið, miðlunarferli peningastefnunnar, ýmiss konar verðbólgu-líkön, mat á undirliggjandi verðbólgu og peningaefstirspurn í heildarjafnvægislíkani. Einnig voru stundaðar rannsóknir tengdar gengismálum. Fjallað var um val á gengisstefnu fyrir Ísland, umfang og afleiðingar gengisflökts og mat á jafnvægisraungengi krónunnar. Þá var fjallað um fjármálalegan stöðugleika, t.d. með tilliti til hagstjórnar í litlu, opnu hagkerfi, ástæður og afleiðingar mikils viðskiptahalla, íslenska lífeyriskerfið, sveifluleiðréttingu í uppgjöri ríkisfjármála, jafnvægis-hagvöxt við skilyrði endurnýjanlegra náttúruauðlinda og fjármögnun fjárfestinga í sjávarútvegi. Að lokum var hafinn undirbúningur að byggingu ársfjórðungslegs þjóðhagslíkans fyrir Seðlabankann sem gegna mun mikilvægu hlutverki við gerð verðbólgu-spár bankans og við ákvarðanir í peningamálum.

Rannsóknarvinna innan bankans fer aðallega fram á hagfræðisviði. Einnig kemur fyrir að Seðlabankinn kaupir eða styrki rannsóknir

aðila utan bankans ef þær eru taldar mikilvægar fyrir verkefni sem bankinn vinnur að. Þá á Seðlabankinn samstarf við Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneyti um rekstur og þróun þjóðhagslíkans.

Til þess að skapa umgjörð um rannsóknarstarfsemi bankans og miðla rannsóknarniðurstöðum til sérfræðinga og almennings heldur Seðlabankinn reglulega málstofur þar sem aðilar innan og utan bankans kynna niðurstöður eigin rannsókna. Á árinu 2001 voru haldnar tólf málstofur. Á níu þeirra voru framsögumenn sérfræðingar innan bankans. Starfsmenn bankans kynntu einnig rannsóknarniðurstöður sínar á fjölda málstofa utan Seðlabankans, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

SÖFNUN TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA

Seðlabanki Íslands safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans.

Á árinu 2000 var nýtt gagnagrunnskerfi fyrir tölfraeðigögn tekið í notkun í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneytið. Gagnagrunnskerfið er frá FAME Information Services, Inc. og er sérhannað fyrir tímaraðir tölfraeðigagna.

Í gagnagrunnskerfinu er gert ráð fyrir að verði níu mismunandi gagnabú sem innihalda tölfraeðigögn, alls um 46.000 tímaraðir. Á árinu voru tekin í notkun þrjú gagnabú með tölfraeðigögnum Seðlabankans sem innihalda tímaraðir um gengisskráningu, vexti og efnahagsreikninga lánakerfisins. Að auki voru tekin í notkun fjögur gagnabú sem innihalda gögn úr ríkisreikningi, gögn um hagkerfi og fjármálamarkað og gagnabú með alþjóðagögnum frá OECD og frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gagnagrunnskerfið inniheldur einnig ítarlegar upplýsingar um eðli og uppruna allra þeirra tímaráða sem til staðar eru í kerfinu.

Notkun þessa kerfis þýðir að öll vistun, úrvinnsla, greining og dreifing á tölfraeðilegum upplýsingum bankans færast í nýtt og mjög fullkomið umhverfi sem gerir alla meðhöndlun tölfraeðigagna hraðvirkari og bætir alla aðstöðu til hagrannsókna. Samskonar kerfi eru í notkun hjá flestum stærstu seðlabönkum heims og mörgum helstu alþjóðastofnunum.

BIRTINGARSTAÐALL ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐSINS

Í birtingarstaðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Special Data Dissemination Standard) sem Ísland er aðili að er m.a. gert ráð fyrir því að tiltekna tölfraeðilegar upplýsingar birtist innan tilgreinds frests frá lokum þess tíma sem þær gilda fyrir eða taka til í samræmi við fyrirfram ákveðna birtingaráætlun. Með hliðsjón af þessu birtir Seðlabankinn á vefsíðu sinni

áætlun um hvenær upplýsingar verða birtar. Sömu reglu er fylgt við birtingu í Hagtölum Seðlabankans á vefsíðu bankans en þar birtast einnig ýmsar upplýsingar sem ekki heyra undir staðalinn. Auk þess að kveða á um birtingaráætlanir gerir staðallinn kröfu til þess að upplýsingarnar sem hann tekur til séu settar fram í samræmi við skilgreiningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þannig að tryggt sé að þær séu sambærilegar á milli landa. Á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (<http://www.imf.org>) er að finna nánari upplýsingar um birtingarstaðalinn. Á þeirri síðu og sérstakri vefsíðu fyrir upplýsingar um birtingarvenjur þeirra landa sem aðild eiga að staðlinum (<http://dsbb.imf.org>) er greint frá upplýsingamiðlun Seðlabankans og annarra íslenskra stofnana sem skuldbundnar eru til þess að fylgja staðlinum.

AÐILD SEÐLABANKA ÍSLANDS AÐ STJÓRNUM STOFNANA OG FYRIRTÆKJA

Seðlabanki Íslands á hlut í Reiknistofu bankanna. Í samstarfssamningi frá 1994 kemur fram að bankinn hafi lagt til fimmting stofnframlags Reiknistofunnar. Á árinu 2001 var Eiríkur Guðnason bankastjóri fulltrúi bankans í stjórn Reiknistofunnar og varafulltrúi Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri bankans. Fulltrúi bankans í öryggis- og endurskoðunarnefnd Reiknistofunnar var Lilja Steinhórsdóttir aðalendurskoðandi. Fulltrúi bankans í samráðsnefnd Reiknistofunnar var Árni Þórðarson deildarstjóri á bókhaldssviði og varamaður Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs.

Seðlabanki Íslands á 16% hlut í Verðbréfaþingi Íslands hf. Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs var fulltrúi bankans í stjórn þingsins á árinu 2001 og varamaður hans var Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra. Einn stjórnarmanna er skipaður eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands. Fulltrúi Seðlabankans í stjórninni á árinu 2001 var Finnur Ingólfsson bankastjóri. Varamaður var Ingimundur Friðriksson aðstoðarbankastjóri.

Seðlabanki Íslands á 8% hlut í Fjölgreiðslumiðlun hf. Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs var fulltrúi bankans í stjórn hennar þar til í nóvember að Hallgrímur Ásgeirsson staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs tók sæti í henni.

Seðlabanki Íslands á ekki fulltrúa í stjórn Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta en Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur bankans er ritari stjórnarinnar.

Starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Lífeyrissjóði bankamanna. Fulltrúi bankans í stjórn sjóðsins á árinu 2001 var Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri og varafulltrúi hans Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs.

Ný vaxtalög

Ný lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 tóku gildi frá og með 1. júlí 2001 og leysa þau af hólmi lög nr. 25/1987. Hér er vikið að nokkrum breytinganna einkum þeim sem varða dráttarvexti og birtingarskyldu Seðlabanka Íslands á vöxtum.

Lögin fela í sér nokkurt samningsfrelsi um dráttarvexti. Í stað þess að þeir séu einhliða ákvarðaðir af Seðlabankanum er nú heimilt að semja um dráttarvexti, annað hvort sem fast álag ofan á tiltekinn grunn dráttarvaxta eða sem fasta vexti. Samningsfrelsið nær þó ekki til neytendalána. Sé ekki samið um dráttarvexti eða vanefndaálag gilda þeir dráttarvextir sem Seðlabankinn ákveður og birtir. Þeir skulu annars vegar vera grunnur dráttarvaxta, sem er jafn vöxtum algengustu skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana, og hins vegar vanefndaálag, sem getur verið á bilinu 7 til 15 prósentur. Samtalan af þessu eru dráttarvextir þeir sem Seðlabankinn ákveður og gilda þeir í sex mánuði í senn, þ.e. frá 1. janúar og 1. júlí.

Vegna nýju laganna hætti Seðlabankinn að auglýsa mánaðarlega öll almenn vaxtakjör banka og sparisjóða ásamt veginum meðaltölum vaxta. Upplýsingar um meðalvexti og hæstu vexti munu því ekki birtast með formlegum hætti eftir gildistöku laganna. Því er mikilvægt að í nýjum lánessamningum verði ekki vitnað í hugtök eins og meðalvexti skuldabréfalána, meðalávöxtun útlána eða hæstu lögleyfðu vexti. Í stað þess mun Seðlabanki Íslands birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána lánastofnana. Vilji aðilar hafa breytilega vexti í lánessamningi geta þeir miðað við þessa vexti og er ekkert því til fyrirstöðu að samið sé um tiltekið frávik frá þeim. Í greinargerð með frumvarpi til hinna nýju vaxtalaga eru raktar ástæður þessara breytinga. Segir þar að eftir gildistöku fyrri vaxtalaga hafi orðið miklar breytingar á vaxtarófi banka og sparisjóða, m.a. við það að tekið var upp kjörvaxtakerfi útlána. Þetta hafi torvelað mjög útreikning meðalvaxta. Auk þess er bent á að ekki sé eðlilegt að nota meðalvexti í fjölmörgum lánessamningum, þar sem meðaltalið sé fengið með því að taka mið af lágum vöxtum til traustra aðila með góðar tryggingar og háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og öllum vöxtum þar á milli. Ástæða sé hins vegar til að hvetja aðila til að semja um vexti sín á milli í stað þess að nota „án umhugsunar“ almenna viðmiðun við vexti á markaðnum.

Seðlabankinn mun eftir sem áður safna ítarlegum upplýsingum um vexti lánastofnana. Er jafnframt líklegt að hann birti ýmsar vaxtaraðir í tengslum við umfjöllun um efnahagsmál. Vextirnir sem bankanum ber að auglýsa samkvæmt lögum munu birtast í Lögbirtingablaði og á heimasíðu bankans.

Viðmiðun vegna vaxta á skaðabótakröfum breytist en þeir voru miðaðir við vexti á almennum sparisjóðsreikningum í eldri lögum. Þetta form er nú úrelt og lítið notað og því mæla nýju lögin svo fyrir að vextir á skaðabótakröfum verði jafnir 2/3 hlutum lægstu vaxta sem Seðlabankinn birtir mánaðarlega. Felur þetta í sér umtalsverða hækkun á vöxtum af skaðabótakröfum.

Vegna lánessamninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og hafa breytilega vexti í samræmi við meðalvexti eða hæstu vexti gildir bráðabirgðaákvæði sem tryggir að unnt verður að finna hvaða vexti skuli

nota. Séu vextir breytilegir í samræmi við meðaltal það sem Seðlabankinn hefur auglýst skal bæta 3,5 prósentum við vextina sem Seðlabanki auglýsir nú af óverðtryggðum lánum, eða 2,5 prósentum við vexti verðtryggðra lána. Sé vísað til hæstu vaxta hverju sinni skal bæta 4,5 eða 3,5 prósentum við þá vexti sem Seðlabankinn auglýsir annars vegar af óverðtryggðum og hins vegar verðtryggðum kröfum.

Meginatriði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár eru óbreytt frá fyrri lögum. Heimild til verðtryggingar nýrra innlána m.v. SDR og evru var felld niður. Í greinargerð með frumvarpinu segir að opinberar reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga þjónuðu fyrst og fremst þeim tilgangi að verja almennt sparifé og lánsfé landsmanna fyrir rýrnun af völdum innlendrar verðbólgu eins og hún er venjulega mæld, þ.e. sem meðaltalsbreyting á verði í stóru úrtaki vöru og þjónustu. Þessu hafi hins vegar ekki verið ætlað að hindra eðlilega þróun á fjármagnsmarkaði. Því er sérstaklega tekið fram að afleiðusamningar falli ekki undir ákvæði laganna. Ennfremur er veitt heimild til að miða við hlutabréfavísitölur í lánsamningi. Þetta hvortvegja, þ.e. samningar um afleiður og hlutabréfavísitölur, eru nýmæli sem þekkst hafa um alllangt skeið erlendis.

SAMSTARF VIÐ FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið eiga náið samstarf. Í lögum um Seðlabankann og um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir að þessar stofnanir skuli geri með sér samstarfssamning þar sem kveðið skuli á um samskipti þeirra. Samstarfssamningur var fyrst gerður snemma árs 1999. Hann var síðast endurnýjaður á árinu 2001. Í lögum um Seðlabankann segir ennfremur að hann skuli veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem hann býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Stofnanirnar skiptast reglulega á tölfræðilegum og öðrum upplýsingum og bankastjórn Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hittast reglulega á samráðsfundum.

VERKEFNI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Í samningi fjármálaráðherra og Seðlabanka Íslands er kveðið á um tiltekin verkefni Seðlabankans fyrir ríkissjóð, svo sem um erlendar lántökur og um þjónustu vegna innlendra lána. Samningur þessi var síðast endurnýjaður í september 2001. Í honum er Seðlabankanum meðal annars falið að annast erlend lánamál ríkissjóðs, eftirlit með erlendum lántökum aðila sem njóta ríkisábyrgðar og bókhald tekinna erlendra lána ríkissjóðs og umsjón með greiðslu afborgana og vaxta. Viðfangsefni Seðlabankans tengd innlendri lánastarfsemi ríkissjóðs heyra að mestu sögunni til. Samningurinn kveður þó á um að bankinn skuli innleysa markaðsverðbréf ríkissjóðs í samræmi við skilmála þeirra. Samningurinn kveður einnig á um að starfa skuli samráðsnefnd fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Lánasýslu ríkisins. Megin-

tilgangur hennar er að vera vettvangur skoðanaskipta um stöðu og horfur á fjármagnsmörkuðum og um lánamál og lántökuáform ríkissjóðs innanlands og erlendis. Þá kveður samningurinn á um að Seðlabankinn skuli annast launagreiðslur fyrir Lánasýslu ríkisins.

SAMNINGUR FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ OG SEÐLABANKA ÍSLANDS UM VIÐSKIPTAREIKNINGA OG VAXTAKJÖR

Á árinu 1992 gerðu fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands með sér samning um viðskiptareikninga og vaxtakjör sem fól meðal annars í sér að ríkissjóður hætti að taka lán í Seðlabankanum. Þessi samningur hefur verið endurnýjaður nokkrum sinnum, síðast í september 2001. Í lögum um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var lokað fyrir aðgang ríkissjóðs að lánnum í Seðlabankanum. Í gildandi samningi er kveðið á um vaxtakjör á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Samkvæmt honum greiðir Seðlabankinn sömu vexti af innstæðu á viðskiptareikningum ríkissjóðs og hann greiðir af viðskiptareikningum lánastofnana. Af meðalinnstæðu í mánuði á viðskiptareikningum ríkissjóðs umfram 2,5 ma.kr. greiðir Seðlabankinn vexti sem eru 0,5% lægri en ávöxtun í endurhverfum viðskiptum Seðlabankans við lánastofnanir.

MINNISPENINGAR

Í febrúar lauk sölu á minnispeningi sem gefinn var út af Seðlabanka Íslands í tilefni þess að þúsund ár voru liðin frá því að Leifur Eiríksson fann Norður-Ameríku. Samtímis var hætt sölu á minnispeningi sem gefinn var út af bandarísku myntsláttunni af sama tilefni. Sala peninganna gekk vel og seldust 102.083 eintök af íslenska peningnum, en gert var ráð fyrir að hámarksslátta yrði 150.000 eintök. Af bandaríska peningnum seldust 172.904 eintök. Peningarnir voru seldir bæði stakir og saman í setti. Meginsala íslenska peningsins var í settum með þeim bandaríska. Ákveðið var að hagnaður af sölu peninganna rynni í sérstakan sjóð sem ætlað væri að styrkja íslenska og bandaríska námsmenn til náms í Bandaríkjunum og á Íslandi. Hagnaður af sölu íslenska peningsins nam 1.020.830 Bandaríkjadöllum og þess bandaríska 1.729.040 dölum. Unnið er að undirbúningi að stofnun sjóðsins.

Minnispeningur sem gefinn var út í tilefni af 1000 ára kristni á Íslandi hafði í árslok 2001 selst í um 1.300 eintökum. Hann verður áfram til sölu hjá Seðlabanka Íslands.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Samkvæmt lögum sem giltu til ársloka 2001 greiddu ríkissjóður og Seðlabanki Íslands í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun er til húsa í Seðlabankanum. Fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun höfðu með sér samráð um rekstur

stofnunarinnar en Seðlabankinn hafði engin áhrif á starfsemi eða viðfangsefni Þjóðhagsstofnunar að öðru leyti. Í ársbyrjun 2002 féll úr gildi lagaákvæðið sem kvað á um þátttöku Seðlabankans í rekstri Þjóðhagsstofnunar.

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

Árið 2001 var 24. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs samkvæmt skipulagsskrá frá 1977 með áorðnum breytingum. Stofnfé sjóðsins var ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt frá 1974 og tekjur hafa verið ágóði Seðlabankans af útgáfu og sölu annarra minnispeninga. Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar. Þrír eru kjörnir af Alþingi, einn tilnefndur af ríkisstjórninni og einn af Seðlabankanum. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Skipunartími núverandi stjórnar rann út í árslok 2001. Formaður til ársloka 2001 var Hulda Valtýsdóttir blaðamaður og fulltrúi Seðlabankans Birgir Ísl. Gunnarsson formaður bankastjórnar. Stjórn sjóðsins ákvað að verja skyldi 2,2 m.kr. til styrkja á árinu 2001 til 15 umsækjenda. Höfuðstóll sjóðsins var rúmar 79 m.kr. í lok ársins 2001.

HÚSNÆÐI BANKANS

Í húsi bankans við Kalkofnsveg voru í árslok 2001 til húsa auk Seðlabankans Þjóðhagsstofnun og Reiknistofa bankanna. Starfsmenn þessara þriggja stofnana voru alls um 260 í lok ársins.

ÁHRIF NÝRRRA LAGA UM SEÐLABANKA ÍSLANDS

Á árinu 2001 tóku gildi ný lög um Seðlabanka Íslands. Ýmsar breytinganna sem gerðar voru frá fyrri lögum hafa áhrif á ársreikning bankans. Fellt var niður ákvæðið um arðsjóð og þar með ákvæðið um að Seðlabanki Íslands legði fé til Visindasjóðs. Í öðru lagi var fellt úr gildi ákvæði laganna um Þjóðhagsstofnun sem fól í sér að Seðlabankinn greiddi hluta rekstrarkostnaðar hennar á móti ríkissjóði. Í þriðja lagi var fellt niður ákvæði fyrri Seðlabankalaga um að ráðherra skipaði sérstakan skoðunarmann. Endurskoðun Seðlabankans er nú í höndum innri endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Í fjórða lagi breyttust ákvæðin um framlag Seðlabankans til ríkissjóðs á þann veg að í stað þess að greiða helming hagnaðar síðustu þriggja ára til ríkissjóðs greiðir hann nú tvo þriðju hluta hagnaðar síns á reikningsárinu til ríkissjóðs. Svo lengi sem eigið fé bankans er undir ákveðnu skilgreindu lágmarki greiðir bankinn þó aðeins þriðjung hagnaðar síns til ríkissjóðs. Á grundvelli nýju laganna gaf forsætisráðherra út nýjar reglur um reikningskil og gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands í desember 2001.


AFKOMA SEÐLABANKA ÍSLANDS

Á árinu 2001 nam hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands 785 m.kr. en 1.702 m.kr. 2000. Eftir framlag til ríkissjóðs nam hagnaðurinn 523 m.kr. en 1.034 m.kr. 2000. Þar sem eigið fé bankans var undir því lágmarki sem tilgreint er í lögum bankans nam framlagið til ríkissjóðs þriðjungi hagnaðar reikningsársins, þ.e. 262 m.kr.

Rekstrarkostnaður Seðlabankans á árinu 2001 að meðtöldum kostnaði við seðla og mynt nam 884 m.kr. og hafði hækkað um 26 m.kr. frá árinu áður. Fasteignagjöld námu 40 m.kr. og þátttaka í rekstri Þjóðhagsstofnunar 61,7 m.kr. Framlög til opinberra aðila námu því samtals tæpum 364 m.kr.

Erlendar eignir bankans námu 36,8 ma.kr. í árslok 2002. Í ársreikningnum var breytt uppgjöri liða sem tengjast Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá því sem áður var gert eins og nánar er greint frá í skýring-

Heildareignir Seðlabankans og eiginfjárlutfall



um við ársreikninginn. Erlendar skuldir til skamms tíma námu tæpum 15 ma.kr. í lok ársins samanborið við 15,8 ma.kr. í lok ársins 2000.

Á árinu jukust kröfur bankans á innlánsstofnanir og aðrar fjármálastofnanir um 24,8 ma.kr., að mestu vegna endurhverfra viðskipta bankans við þessar stofnanir. Innstæður þeirra í Seðlabankanum drógust hins vegar saman um 4,5 ma.kr.

Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir minnkuðu um 2 ma.kr. og innstæður þeirra í Seðlabankanum hækkuðu um 16,9 ma.kr. Nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir lækkuðu um 19 ma.kr. á árinu og voru neikvæðar um 31,1 ma.kr., þ.e. nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 31,1 ma.kr. í lok ársins.

Seðlar og mynt í umferð námu 7,9% af heildarskuldum bankans í lok ársins. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er hlutfall seðla og myntar í umferð lægra á Íslandi en í flestum öðrum löndum og hefur verið svo um langt árabíl.

Eigið fé bankans jókst um 12,8 ma.kr. á árinu og nam 34,3 ma.kr. í lok þess. Að stærstum hluta skýrist vöxtur eigin fjár af 9 ma.kr. stofnfjárframlagi ríkissjóðs til bankans á árinu.

Seðlabankinn býr við töluverða gengisáhættu. Í lok ársins 2001 voru 31,7% af eignum hans í erlendum gjaldmiðlum en 14,7% af skuldum og eigin fé. Þar af leiðir að afkoma hans er næm fyrir gengisendurmati eigna og skulda. Gengisendurmat ræðst annars vegar af breytingum á gengi krónunnar og hins vegar af innbyrðis breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla. Tekjufært gengisendurmat á árinu 2001 nam 970 m.kr. samanborið við liðlega 2 ma.kr. árið áður. Færa má rök fyrir því að samsetning efnahagsreiknings Seðlabanka Íslands og sú gengisáhætta sem hann býr við og hefur ekki tók á að verja sig gegn krefjst herra eiginfjárlutfalls en ella. Í nýju lögnum um bankann er ákvæði sem tekur tillit til þessa sjónarmiðs og gerir bankanum kleift að byggja upp eigið fé sitt hraðar en hægt hefði verið samkvæmt fyrri lögum.

Sundurliðun á reikningum bankans er sýnd aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum og sundurliðunar á rekstrarkostnaði bankans.

BANKARÁÐ

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var m.a. kveðið á um fjölgun í bankaráði Seðlabankans úr fimm fulltrúum í sjö. Auk þess var skerpt á ákvæðunum um hlutverk bankaráðsins frá því sem var í fyrri lögum.¹ Samkvæmt lögnum á bankaráð m.a. að staðfesta megindrætti í skipulagi Seðlabankans, ákveða laun og starfskjör bankastjóra, hafa umsjón með innri endurskoðun og ráða aðalendurskoðanda, staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans og ársreikning hans, hafa eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta reglur sem bankastjórn setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, um umboð starfs-

1. Sjá grein um lögum um Seðlabanka Íslands í Peningamálum 2001/3.

manna til þess að skuldbinda bankann, um heimild starfsmanna til setu í stjórnnum stofnana og fyrirtækja utan bankans og starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforðans. Í samræmi við ákvæði nýju laganna var kosið nýtt bankaráð að samþykktum lögum. Kjörtímabilið stendur þar til nýtt bankaráð hefur verið kosið en lögin kveða á um að kjósa skuli í bankaráð að loknum kosningum til Alþingis. Í nýja bankaráðið voru kosnir fjórir fulltrúar sem sátu í fyrra bankaráði, þ.e. Ólafur G. Einarsson, Davíð Aðalsteinsson, Ragnar Arnalds og Þröstur Ólafsson. Auk þeirra voru Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jón Sigurðsson og Sigríður Stefánsdóttir kjörin í bankaráð. Samkvæmt fyrri lögum skipaði ráðherra formann og varaformann bankaráðs. Nýju lögin kveða á um að bankaráð skuli kjósa formann og varaformann úr eigin röðum. Á fyrsta fundi hins nýja bankaráðs var Ólafur G. Einarsson kosinn formaður og Davíð Aðalsteinsson varaformaður. Bankaráð Seðlabanka Íslands hélt 23 fundi á árinu 2001.

BANKASTJÓRN

Í lögum um Seðlabanka Íslands sem tóku gildi 2001 er eins og í fyrri lögum kveðið á um að bankastjórn skipi þrír bankastjórar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málum hans sem ekki eru falin öðrum í lögum. Samkvæmt fyrri lögum skipaði ráðherra bankastjóra til fimm ára í senn og þeir kusu formann bankastjórnar úr eigin hópi til þriggja ára í senn. Nýju lögin kveða á um að ráðherra skipi bankastjórana, þar með talinn formann bankastjórnar. Skipunartími er sjö ár og hægt er að endurskipa bankastjóra einu sinni. Síðandi bankastjórar við gildistöku laganna skyldu sitja út þann tíma sem þeir voru síðast skipaðir til. Eftir samþykkt laganna skipaði forsætisráðherra Birgi Ísleif Gunnarsson formann bankastjórnar.

SKIPULAG BANKANS

Í upphafi árs 2001 voru gerðar breytingar á skipulagi Seðlabankans sem m.a. fólu í sér stofnun nýs sviðs, fjármálasviðs. Á árinu skiptist starfsemi bankans í sjö megin svið auk endurskoðunar (sjá starfsmannayfirlit í lok kaflans). Nokkrar deildir tilheyrðu ekki megin sviðum bankans. Skrifstofa bankastjórnar annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjórn. Þar er einnig umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu bankans og heimasíðu. Lögfræðingar annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans og frágang löggerninga og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og gerð lögfræðilegra álita. Safnadeild annast bóka- og skjalasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns. Bóka- og myntsafn bankans er til húsa í Einholti 4.

Alþjóðasvið annast vörslu gjaldeyrisforðans og erlend lánamál ríkissjóðs. Tengd þessu er umsjón með reglulegum samskiptum við erlend fyrirtæki sem sérhæfa sig í lánsþjónu á alþjóðlegum vettvangi. Þá annast alþjóðasvið regluleg tengsl bankans við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn, þar með talið samstarf við Norðurlöndin og Eystrasalts-

löndin, og á aðild að útgáfu eins af ritum bankans, Economy of Iceland.

Bókhaldssvið hefur umsjón með færslu aðalbókhalds Seðlabankans, Þjóðhagsstofnunar og sjóða sem eru í vörslu bankans, þ.m.t. Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Einnig sér sviðið um bókhald yfir innlausn spariskírteina og erlend lán ríkissjóðs. Þá hefur bókhaldssvið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og greiðslum fyrir Seðlabankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að öllu sem varðar stöðugleika og öryggi fjármálastofnana og markaða og greiningu á grunnþáttum fjármálakerfisins. Þá annast sviðið verkefni bankans á sviði greiðslumiðlunar. Fjárhirslur bankans heyra undir fjármálasvið. Þær annast m.a. meðferð seðla og myntar, dreifingu í seðlageymslur á landsbyggðinni og afgreiðslu til bankastofnana á höfuðborgarsvæðinu og eyðingu seðla.

Á hagfræðisviði er unnið að rannsóknum á sviði efnahags- og peningamála með sérstakri áherslu á þau svið sem tengjast verkefnum bankans. Þar eru reglulegar verðbólguþáttir bankans undirbúnar og samdar álitserðir um stefnu og starfsemi bankans auk greiningar á þróun efnahags- og peningamála og á þjóðhagslegum þáttum fjármálastöðugleika. Hagfræðisvið hefur einnig umsjón með útgáfu sumra rita bankans, svo sem Peningamála og Fjármálatíðinda auk Economy of Iceland.

Peningamálasvið annast öll viðskipti bankans á innlendum gjald-eyris- og peningamörkuðum og skráningu opinbers viðmiðunargengis krónunnar auk þess að vakta millibankamarkað í krónum, og markað með gjaldeyrisskiptasamninga og að fylgjast með framfylgd reglna um bindiskyldu og gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Þá tekur sviðið þátt í samráði við fjármálaráðuneyti og Lánasýslu ríkisins um sölu ríkisverðbréfa.

Rekstrarsvið er fjölmennasta svið bankans og skiptist í nokkrar einingar. Rekstrardeild sinnir rekstri og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismálum, innkaupum og gerð rekstraráætla og útgjaldaeftirliti. Deildin annast starfsmannahald bankans og launamál og undir hana heyrir margvísleg innanhússþjónusta. Deildin sér einnig um launagreiðslur til starfsmanna Þjóðhagsstofnunar og Lánasýslu ríkisins. Tölvudeild hefur umsjón með rekstri tölvukerfa bankans, samræmdum gagnagrunni hans og annast hugbúnaðarkerfi bankans.

Á tölfræðisviði fer fram öll innheimta, úrvinnsla og fyrsta greining gagna frá lánastofnunum um efnahag og rekstur o.fl. Þar fer einnig fram söfnun upplýsinga um vexti, greiðslumiðlun, verðbréfamiðlun, gjaldeyrishreyfingar vegna uppgjörs þjónustu- og greiðslujafnaðar og erlend lán innlendra aðila. Tölfræðisvið hefur umsjón með útgáfu tölfræðilegra gagna á vefsíðu Seðlabankans, Hagtalna Seðlabankans.

Endurskoðunarsvið bankans hefur þá sérstöðu að aðalendurskoðandi er ráðinn af bankaráði en ekki bankastjórn. Bankaráð setur aðalendurskoðanda erindisbréf. Endurskoðunarsviðið annast endurskoðun og innra eftirlit með starfsemi bankans og sjóða í umsjá hans.

STARFSLIÐ

Á árinu voru 17 nýir starfsmenn ráðnir til starfa, 14 létu af störfum og fjölgaði starfsgildum því um 3 frá árslokum 2000 til ársloka 2001. Í tengslum við skipulagsbreytingar færðust 5 starfsmenn tölvudeildar á rekstrarsvið, en á móti færðust 10 starfsmenn fjárhirslna á nýtt fjármálasvið. Afgreiðsludeild var jafnframt lögð niður og fluttust 2 starfsmenn hennar á bókhaldssvið, en 1 hætti. Þessu til viðbótar fjölgaði starfsgildum um 1 í safnadeild, um 1 á alþjóðasviði, um 1 í tölvudeild, um 2 í fjárhirslum, um 4 í rekstrardeild þar sem ritarastörf voru færð undir deildina og um 4 á nýju fjármálasviði. Starfsgildum fækkaði um 1 á bókhaldssviði, um 2 á skrifstofu bankastjórnar, m.a. vegna flutnings starfsmanns til fjármálasviðs, um 3 á peningamálasviði og um 3 á tölfræðisviði, m.a. vegna breytingar á ritarastörfum og tilfærslu verkefna. Til sumarstarfa var ráðinn 21 starfsmaður og var það 2 færri en árið áður. Fjöldi starfsmann í árslok voru 116 í 108 stöðugildum.

Í ársbyrjun tók Tryggvi Pálsson við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, en hann hafði starfað sem ráðgjafi bankastjórnar frá árinu 2000. Hallgrímur Ásgeirsson var ráðinn til bankans og skipaður staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Á fyrri hluta ársins var Anna María Pétursdóttir ráðin í nýja stöðu starfsmannastjóra bankans sem fellur undir rekstrarsvið. Á miðju ári lét Sigurður Árni Kjartansson, deildarstjóri á alþjóðasviði og staðgengill framkvæmdastjóra af störfum eftir nær 11 ára starf hjá Seðlabankanum. Í hans stað var ráðinn Sigurður Sturla Pálsson sem áður hafði starfað við bankann, m.a. á alþjóðasviði. Hann var settur staðgengill framkvæmdastjóra alþjóðasviðs. Ólafur K. Ólafsson lét af starfi sem deildarstjóri og staðgengill framkvæmdastjóra peningamálasviðs eftir 20 ára starf hjá Seðlabankanum. Í starf hans sem staðgengill framkvæmdastjóra peningamálasviðs var um áramót 2001/2002 skipuð Gerður Ísberg. Þór Saari, deildarstjóri á tölfræðisviði, lét af störfum eftir 4 ára starf, þar af sem deildarstjóri í rúmt ár. Undir lok ársins var Ólafí Ísleifssyni framkvæmdastjóra alþjóðasviðs veitt leyfi frá störfum til ársloka 2003 til að gegna stöðu fulltrúa Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna í framkvæmdastjórn Alþjóðagjald-eyrissjóðsins í Washington. Á árinu fór Jón H. Friðsteinsson á eftirlaun. Hann hafði starfað í Seðlabankanum frá 1961, lengst af í rekstrardeild og fjárhirslum en hann var aðalféhirðir frá 1994. Stefán Arnarson var ráðinn aðalféhirðir í hans stað árið 2000. Hann hafði áður unnið á peningamálasviði og tölfræðisviði bankans.

KJARASAMNINGAR

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Sambandi íslenskra bankamanna og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi bankamanna. Í ársbyrjun 2001 var gengið frá nýjum kjarasamningi sem gildir til loka september árið 2004. Samningurinn fól m.a. í sér 6,9% grunnkaupshækkun við gildistöku og 3% hækkun um hver áramót eftir það út gildistímann. Jafnframt var í samningnum ákvæði um að allir starfsmenn hækki um einn launaflokk eigi síðar en 1. janúar 2003.

Starfslið		
	Starfs- menn	Starfs- gildi
Aðalskrifstofa	13	
Skrifstofa bankastjórnar	4	4
Lögfræðingar	2	2
Safnadeild	7	6,4
Alþjóðasvið	7	7
Bókhaldssvið	13	12,7
Fjármálasvið	16	
Fjármáladeild	4	4
Fjárhirslur	12	12
Hagfræðisvið	12	11,8
Peningamálasvið	4	4
Rekstrarsvið	39	
Rekstrardeild	33	26
Tölvudeild	6	6
Tölfræðisvið	9	9
Endurskoðun	3	3
Alls	116	107,9

STJÓRN SEÐLABANKA ÍSLANDS OG STARFSMENN
31. DESEMBER 2001

Bankaráð

Aðalmenn

Ólafur G. Einarsson fyrrverandi forseti Alþingis, formaður
Davið Aðalsteinsson bóndi, varaformaður
Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri
Ragnar Arnalds fyrrverandi alþingismaður
Sigríður Stefánsdóttir sviðsstjóri
Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri

Varamenn

Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri
Finnur Þór Birgisson lögfræðingur
Hilmar Gunnlaugsson lögfræðingur
Hörður Zophaníasson fyrrverandi skólastjóri
Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri
Leó Löve lögfræðingur
Tryggvi Friðjónsson forstöðumaður

Bankastjórn

Birgir Ísleifur Gunnarsson
Eiríkur Guðnason
Finnur Ingólfsson

Aðstoðarbankastjóri

Ingimundur Friðriksson¹

Framkvæmdastjórn

Alþjóðasvið:	Sigurður Sturla Pálsson starfandi framkvæmdastjóri
Bókhaldssvið:	Erla Árnadóttir aðalbókari
Endurskoðunarsvið:	Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi
Fjármálasvið:	Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri
Hagfræðisvið:	Már Guðmundsson aðalhagfræðingur ¹
Lögfræðingar:	Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur
Peningamálasvið:	Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri ¹
Rekstrarsvið:	Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri
Tölfræðisvið:	Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri

1. Situr fundi bankaráðs.

Starfsmenn

AÐALSKRIFSTOFA/ LÖGFRÆÐINGAR O.FL.

Skrifstofa bankastjórnar

Ágústa Johnson deildarstjóri
Erna B. Jóhannsdóttir
Stefán Jóhann Stefánsson ritstjóri

Lögfræðingar

Sigfús Gauti Þórðarson staðgengill aðal-
lögfræðings
Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur

Safnadeild

Anton Holt
Bergljót Gyða Helgadóttir
Eva Sóley Sigurðardóttir
Jónas Finnbogason deildarstjóri
Magný Gyða Ellertsdóttir
Ólafur Pálmason forstöðumaður
Valborg Stefánsdóttir

ALÞJÓÐASVIÐ

Björn Gunnar Ólafsson
Hallgrímur Ólafsson
Lilja D. Alfreðsdóttir
Oddgeir Gunnarsson
Sigurður Sturla Pálsson staðgengill fram-
kvæmdastjóra
Þorbjörn Jónsson

BÓKHALDSSVIÐ

Alf H. Pedersen
Anna S. Árnadóttir
Arndís Leifsdóttir
Árni Þórðarson staðgengill aðalbókara
Elisabet I. Þorvaldsdóttir
Erla Árnadóttir aðalbókari
Guðlaug Karlsdóttir
Halldóra Konráðsdóttir
Ísólfrur Sigurðsson deildarstjóri
Jónína Guðbjartsdóttir
Ólöf Jónsdóttir
Runólfur Sigurðsson
Sveinbjörg Rut Helgadóttir

ENDURSKOÐUN

Guðmundur Björnsson staðgengill aðal-
endurskoðanda
Helga Halldórsdóttir
Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi

FJÁRMÁLASVIÐ

Hallgrímur Ásgeirsson staðgengill fram-
kvæmdastjóra
Haukur C. Benediktsson
Pálína Kristinsdóttir
Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri

Fjárhirslur

Auður Gísladóttir deildarstjóri
Birna Friðriksdóttir
Björn Björgvinsson
Hannes Haraldsson
Heiðrún Hulda Þórisdóttir
Hulda Guðnadóttir
Ingibjörg Jakobsdóttir
Ingveldur S. Kristjánsdóttir
Kolbrún Jóhannsdóttir
Kristján Guðmundsson
María Jenný Jónasdóttir
Stefán Arnarson aðalféhirðir

HAGFRÆÐISVIÐ

Arnór Sighvatsson staðgengill aðalhog-
fræðings
Elín Guðjónsdóttir
Guðmundur Guðmundsson tölfræðingur
Guðrún Sigmarsdóttir
Hjördis Dröfn Vilhjálmsdóttir
Kristjón Kolbeins
Lúðvík Eliasson
Markús Möller deildarstjóri
Már Guðmundsson aðalhogfræðingur
Ólafur Klemensson
Sif Cortes
Þórarinn G. Pétursson deildarstjóri

PENINGAMÁLASVIÐ

Bergur Barðason
Gerður Ísberg staðgengill framkvæmda-
stjóra
Halldór Sveinn Kristinsson
Tómas Örn Kristinsson
framkvæmdastjóri

REKSTRARSVIÐ

Anna María Pétursdóttir starfsmanna-
stjóri
Birna K. Jónsdóttir
Hólmfríður M. Ingibergsdóttir
Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri
Þórður Gautason staðgengill rekstrar-
stjóra

Bifreiðastjórn o.fl.

Garðar Halldórsson
Karl G. Smith

Fjölrítun og póstur

Hjördis Thorarensen
Hólmgeir H. Hákonarson
Klara Jóhannsdóttir
Loftur Þ. Sigurjónsson
Ólöf Björnsdóttir
Sveinn A. Blöndal deildarstjóri

Húsvarsla/viðhald/ræsting

Anna Rós Hauksdóttir
Berglind Þorsteinsdóttir
Bylgja Þorvarðardóttir
Edda Kristjánsdóttir
Eyglo Ingvadóttir
Hrönn Hallgrímsdóttir
Inga Lára Ingvarsdóttir
Marteinn Jóhannesson
Ólafía Egilsdóttir
Sigurlaug Jósepsdóttir
Sólveig Kristinsdóttir
Svala Sigurðardóttir
Sören P. Madsen
Vigdís G. Guðmundsdóttir
Þorsteinn Eyjólfsson húsvörður

Mötuneyti

Guðrún Unnur Guðmundsdóttir
Hallfríður Bjarnadóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Margrét Ríkharðsdóttir
Sigurberg Jónsson matreiðslumeistari

Ritarar

Kristín Hjartar
Kristjana Edda Haraldsdóttir
Pálin Dögg Helgadóttir
Sigríður Bogadóttir
Þórey Þórarinsdóttir

Öryggisvarsla

Brynjólfur Samúelsson
Guðleifur Svanbergsson
Gunnlaugur Magnússon
Hannes Ólafsson
Jóhann Gunnar Friðjónsson
Sæmundur Örn Sveinsson flokksstjóri
Þorsteinn Þorvaldsson

Tölvudeild

Arnar Freyr Guðmundsson
forstöðumaður
Fjóra Agnarsdóttir
Indriði I. Stefánsson
Mark R. Eldred
Takako I. Jónsson
Tryggvi Eyvindsson

TÖLFRÆÐISVIÐ

Anna Sif Gunnarsdóttir
Eiður H. Einarsson
Hrönn Helgadóttir
Jakob Gunnarsson staðgengill fram-
kvæmdastjóra
Kristiana Baldursdóttir deildarstjóri
Lárus Bollason
Pétur Örn Sigurðsson
Sigríður Fanney Úlfjótisdóttir
Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri



ÁRSREIKNINGUR 2001

Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjórn Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2002

Áritun bankaráðs

Ólafur G. Einarsson
formaður

Davíð Aðalsteinsson

Jón Sigurðsson

Sigríður Stefánsdóttir

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Ragnar Arnalds

Þróstur Ólafsson

Áritun bankastjórnar

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður

Eiríkur Guðnason

Finnur Ingólfsson

Erla Árnadóttir
aðalbókari

Lilja Steinþórsdóttir
aðalendurskoðandi

Til bankaráðs og bankastjórnar Seðlabanka Íslands

Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 15. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í því álitum sem hún lætur í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ríkisendurskoðun telur að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2001 og efnahag hans 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, reglur um reikningskil og ársreikning Seðlabanka Íslands og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. febrúar 2002

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 26. mars 2002

Davíð Oddsson
forsætisráðherra

Rekstrarreikningur árið 2001

	Skýringar	2001	2000
Vaxtatekjur			
Af innlendum eignum		7.131.829	3.807.196
Af erlendum eignum		2.668.413	2.443.917
Gengishagnaður		970.448	2.015.143
		<u>10.770.690</u>	<u>8.266.256</u>
Vaxtagjöld			
Af innlendum skuldum		4.617.492	2.918.693
Af erlendum skuldum		1.275.530	806.044
Verðbreytingagjöld	1	3.201.175	1.885.153
		<u>9.094.197</u>	<u>5.609.890</u>
	Hreinar vaxtatekjur	1.676.493	2.656.366
Aðrar rekstrartekjur			
Aðrar rekstrartekjur	15	132.754	108.604
	Hreinar rekstrartekjur	<u>1.809.247</u>	<u>2.764.970</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	13	567.094	510.065
Annar rekstrarkostnaður	14	317.413	347.988
Framlag í Vísindasjóð	1, 8	-	145.000
Framlag til Þjóðhagsstofnunar	1	61.700	59.800
		<u>946.207</u>	<u>1.062.853</u>
	Hagnaður fyrir óreglulega liði	863.040	1.702.117
Óregluleg gjöld			
Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Þjóðhagsstofnunar	6	<u>78.300</u>	<u>0</u>
	Hagnaður fyrir framlag til ríkissjóðs	784.740	1.702.117
Framlag til ríkissjóðs	7	<u>261.580</u>	<u>667.507</u>
	Hagnaður ársins	<u><u>523.160</u></u>	<u><u>1.034.610</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Seðlabanki Íslands

<i>EIGNIR</i>	Skýringar	2001	2000
Erlendar eignir			
Bankainnstæður		5.227.523	8.260.228
Gulleign	3	1.752.373	1.385.654
Verðbréf og ríkisvixlar	2	27.422.529	22.794.373
Gjaldeyrisstaða og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	5	2.420.324	2.058.904
	Erlendar eignir	36.822.749	34.499.159
Innlendar eignir			
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Endurhverf verðbréf		50.020.348	36.824.605
Skammtímalán		3.902.002	2.152.299
Aðrar kröfur		130.514	712
		54.052.864	38.977.616
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Markaðsskráð verðbréf		2.954.340	2.864.876
Endurhverf verðbréf		18.790.011	10.208.928
Skammtímalán		1.030.000	-
		22.774.351	13.073.804
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>			
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		244.302	792.993
Markaðsskráð verðbréf		2.144.496	3.575.422
Markaðsskráðir ríkisvixlar		-	106.168
		2.388.798	4.474.583
<i>Aðrir aðilar</i>			
Ýmsir reikningar	2	76.776	104.388
Verðbréf		28.024	51.535
		104.800	155.923
	Innlendar eignir	79.320.813	56.681.926
Eignir alls		116.143.562	91.181.085
Eignir utan efnahags	4		

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagur 31. desember 2001

<i>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</i>			
	Skýringar	2001	2000
Erlendar skuldir			
Til skamms tíma		14.978.621	15.763.063
Mótvirði sérstakra dráttarréttinda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn		2.129.520	1.819.589
	Erlendar skuldir	17.108.141	17.582.652
Innlendar skuldir			
Seðlar og mynt		9.173.998	8.672.233
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Almennar innstæður		964.651	2.494.942
Bindireikningar		17.677.897	21.249.085
		18.642.548	23.744.027
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Almennar innstæður		837.309	745.045
Bindireikningar		1.288.300	759.397
		2.125.609	1.504.442
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>			
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		11.232.211	11.338.954
Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar		1.575.107	732.615
Gjaldeyriseikningar		4.544.152	4.522.312
Bundin innlán		16.136.533	-
		33.488.003	16.593.881
<i>Aðrar skuldir</i>			
Visindasjóður		-	145.000
Ríkissjóður		265.656	679.531
Ýmsir aðilar		600.341	321.080
Lífeyrisskuldbindingar	6	412.754	336.062
		1.278.751	1.481.673
	Innlendar skuldir	64.708.909	51.996.256
Eigið fé			
Stofnfé	9	9.001.000	1.000
Arðsjóður	8	-	1.846.750
Annað eigið fé		25.325.512	19.754.427
	Eigið fé 9, 10	34.326.512	21.602.177
Skuldir og eigið fé		116.143.562	91.181.085
Skuldbindingar utan efnahags	11		
Fjárhæðir eru í þúsundum króna			

Sjóðstreymi árið 2001

REKSTRARHREYFINGAR	2001	2000
Hagnaður ársins.....	523.160	1.034.610
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:		
Verðbreytingagjöld.....	3.201.175	1.885.153
Gengishagnaður og verðbætur eignaliða	(5.112.458)	(4.456.503)
Gengistap skuldaliða	4.982.227	1.231.220
Samtals rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	3.070.944	(1.340.130)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	75.364	357.359
Handbært fé frá rekstri	3.669.468	51.839
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR		
Erlendar bankainnstæður, lækkun	2.215.789	7.785.875
Gulleign, (hækkun)	(35.947)	(32.444)
Erlend verðbréf og ríkisvixlar, lækkun	6.516.544	25.348
Endurhverf verðbréf, (hækkun)	(21.862.660)	(11.009.050)
Ýmsar kröfur, lækkun	1.771.122	163.571
Fjárfestingarhreyfingar samtals	(11.395.152)	(3.066.700)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR		
Erlendar skuldir, (lækkun)	(5.372.727)	10.703.265
Bundnir gjaldeyrisreikningar, (lækkun)	-	(3.623.231)
Seðlar og mynt í umferð, hækkun	501.765	11.690
Bindireikningar, (lækkun)	(3.104.633)	2.824.781
Bundin innlán ríkissjóðs, hækkun	16.000.000	-
Framlag ríkissjóðs til stofnfjár SÍ, hækkun	9.000.000	-
Fjármögnunarhreyfingar samtals	17.024.405	9.916.505
Breyting á handbæru fé, hækkun	9.298.721	6.901.645
Gengisendurmat handbærs fjár, hækkun	3.229.467	2.096.414
Handbært fé í ársbyrjun	8.215.745	(782.314)
Handbært fé í árslok	20.743.932	8.215.745
Aðrar upplýsingar:		
Greitt framlag til ríkissjóðs.....	667.507	594.362

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar við ársreikning Seðlabankans 2001

1. Á árinu 2001 tóku gildi ný lög um Seðlabanka Íslands. Breytingar sem urðu frá fyrri lögum höfðu m.a. áhrif á reikningsskil bankans og var reglugerð um reikningsskil og ársreikning bankans breytt af forsætisráðherra í desember 2001.
 - Ársreikningurinn er gerður í samræmi við ákvæði laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands nr. 931/2001 og góða reikningsskilavenju. Arðsjóður er nú færður með óráðstöfuðu eigin fé og framlag í hann fellur út. Kostnaðarþátttaka bankans í rekstri Vísindasjóðs fellur einnig niður.
 - Bókfærðar eignir bankans eru færðar á markaðsverði.
 - Verðbreytingafærsla er reiknuð til samræmis við reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands. Stofn til útreiknings hennar miðast annars vegar við stöðu gengistryggðra efnahagsliða og er þá miðað við breytingu á gengi SDR á árinu, og hins vegar við stöðu efnahagsliða í íslenskum krónum og er þá miðað við breytingu á neysluverðsvísitölu á árinu. Framreikna skal stöðu efnahagsliða í ársbyrjun til árslokaverðlags og taka tillit til breytinga á árinu. Verðbreytingagjöld þannig reiknuð sem færast til gjalda í rekstrarreikningi verða 3,2 ma.kr.
 - Gengistryggðar eignir og skuldir bankans eru færðar á kaupgengi í árslok. Gengishagnaður/gengistap er fært í rekstrarreikning.
 - Í verðtryggðum eignum og skuldum bankans eru meðtaldar áfallnar verðbætur í árslok og er í því sambandi miðað við viðeigandi vísitölur í janúar 2002. Í rekstrarreikningi eru verðbætur færðar með vöxtum af innlendum eignum.
 - Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna er gjaldfært í rekstrarreikningi á kaupári.
 - Seðlabanki Íslands greiddi 50% kostnaðar við rekstur Þjóðhagsstofnunar á móti ríkissjóði skv. lögum nr. 54/1974. Þriðjungur greiðslu bankans greiddist með afnotum af húsnæði og veittri þjónustu í húsnæði bankans að Kalkofnsvegi 1. Með lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands fellur kostnaðarhlutdeild bankans niður frá og með 1/1 2002.
 - Í sjóðstreymi er handbært fé skilgreint sem þær eignir og skuldir sem eru lausar á tveimur bankadögum og eru notaðar við daglega sjóðstjórn Seðlabankans. Handbært fé þannig skilgreint sýnir laust fé bankans í árslok.
 - Þátttökuþjóðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er úthlutað kvóta hjá sjóðnum og greiða þær 25% hans til sjóðsins (*gjaldeyrisskila Alþjóðagjaldeyrissjóðsins*). 75% af kvótanum greiðast ekki, en hafa til

Reikningsskilaaðferðir

þessa verið skuldfærð hjá Seðlabanka Íslands (*innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins v/kvóta*).

Mótfærsla hefur verið gerð eignamegin (*mótvirði innstæðna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins*). Flestir seðlabankar Evrópu hafa nú horfið frá þessu fyrirkomulagi og sýna greiddan hluta kvótans í ársreikningum sínum. Í ársreikningi 2001 er því horfið frá fyrri framsetningu og sýnd raunveruleg peningaleg staða bankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Samanburðartölum ársins 2000 er breytt samsvarandi. Ef sömu reikningsskilaaðferð hefði verið beitt og árið áður væru heildareignir og skuldir og eigið fé 10,9 ma.kr. hærri árið 2000 og 12,8 ma.kr. hærri árið 2001.

Eignarhlutir

- Seðlabanki Íslands á 1.000 hluti í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements), sem verðlagðir eru á 2.500 gullfranka hver hlutur. Fjórðungur bréfanna hefur verið greiddur samtals að verðmæti 102 m.kr. Eignarhlutir bankans eru færðir undir liðnum *Erlendar eignir/verðbréf og ríkisvixlar*.
- Eignarhlutar bankans í þremur hlutafélögum eru færðir undir liðnum *aðrir aðilar/ymsir reikningar* í efnahagsreikningi. Þetta eru 15% hlutur í Snorrabraut 29 hf., Fræðslumiðstöð bankanna, að fjárhæð 2,7 m.kr., 16% hlutur í Verðbréfaþingi Íslands hf. að fjárhæð 5,6 m.kr. og 8% hlutur í Fjölgreiðslumiðlun hf. að fjárhæð 1,2 m.kr.

Erlendar eignir og gulleign

- Í árslok 2001 voru erlendar eignir bankans 36.823 m.kr. en 45.393 m.kr. í lok ársins á undan. Meðtalin í þessari stöðu er gulleign bankans sem var 61.558 únsur. Gullið er í árslok 2001 metið á síðasta markaðsverði ársins í Lundúnum sem var USD 276,50 únsan eða kr. 28.466. Heildareign bankans í gulli nam í árslok 1.752 m.kr. Gulleign bankans jókst á árinu um 1.458 únsur, sem samsvarar leigutekjum ársins, en gullið er að mestum hluta leigt út gegn gjaldi.

Eignir utan efnahags

- Í samræmi við 3. gr. reglna nr. 931/2001 um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands eru varanlegir rekstrarfjármunir gjaldfærðir á kaupári eða byggingarári. Þeir koma því ekki fram í efnahagsreikningi.

Í árslok 2001 átti bankinn eftirtaldar fasteignir, sem voru metnar þannig (í m.kr.):

	<i>Fast.- og lóðamat</i>	<i>Tryggingamat</i>
Kalkofnsvegur 1	1.927	2.729
Einholt 4	180	245
Ægisíða 54 (50%)	20	21
Aðrar eignir	11	16
	<u>2.139</u>	<u>3.011</u>

Að auki átti bankinn eftirtalda fjármuni í árslok 2001, sem voru metnir þannig (í m.kr.):

Bifreiðar – kostnaðarverð	29
Vélar, tölvur, húsbúnaður og listaverk – tryggingamat ..	378
Bóka- og myntsafn – tryggingamat	118
	<u>524</u>

- Aðild Seðlabanka Íslands að Reiknistofu bankanna er ekki eignfærð í ársreikningi. Að formi til er um að ræða sameiginlegan rekstur á vegum allra banka og sparisjóða landsins samkvæmt samningi þar um. Í samstarfssamningi kemur fram að Seðlabanki Íslands hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofunnar.
- Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2001 umsaminn aðgang að lána-fyrirgreiðslu erlendra fjármálastofnana að upphæð USD 705 m., sem svarar til u.þ.b. 73 ma.kr.
- Seðlabankinn gerði gjaldmiðlaskiptasamning í lok ársins, þar sem bankinn skuldbatt sig til að selja dollara fyrir krónur á fjórum gjald-dögum fyrstu fjóra mánuði ársins 2002, alls að upphæð USD 38,5 milljónum. Á móti fær bankinn greiddar 4,1 ma.kr. Áfallnir vextir og áfallinn gengismunur af þessum samningi er tekjufærður og færtil eignar í ársreikningi, alls að upphæð 131 m.kr.

5. Kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam 117,6 millj. SDR í lok ársins 2001. Gjalddeyrisstæða bankans við sjóðinn nam 18,7 millj. SDR. Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við sjóðinn var 16,4 millj. SDR.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Eignir:

	SDR	ISK/m.kr.
Kvóti Seðlabanka Íslands	117.600.000	15.203,3
SDR hjá Seðlabanka Íslands	-99.022.580	-12.801,6
	<u>18.577.420</u>	<u>2.401,7</u>
Viðskiptar. sjóðsins hjá S.Í.	2.142	0,3
Gjalddeyrisst. S.Í. hjá sjóðnum	18.579.562	2.402,0
Áfallnir vextir af gjalddeyrisstöðu .	46.806	6,0
	<u>18.626.368</u>	<u>2.408,0</u>
SDR við sjóðinn	95.199	12,3
	<u>18.721.567</u>	<u>2.420,3</u>

Skuldir:

	SDR	ISK/m.kr.
Mótvirði sérstakra dráttarréttinda .	16.409.000	2.121,3
Áfallnir vextir	63.154	8,2
	<u>16.472.154</u>	<u>2.129,5</u>

6. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna samtals 334 m.kr. í árslok 2001. Eftir færslu verðbóta fyrir árið 2001 að fjárhæð 26,3 m.kr. er framlag bankans árið 2001 8,6 m.kr.

Lífeyrisskuldbindingar

Nú er færð til gjalda og skuldar lífeyrisskuldbinding bankans vegna starfsmanna Þjóðhagsstofnunar, en til ársloka 2001 greiddi Seðlabanki Íslands helming rekstrarkostnaðar stofnunarinnar. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nema þær lífeyrisskuldbindingar 78,3 m.kr. miðað við forsendur um 2,5% verðbólgu og eru þær færðar undir liðnum óregluleg gjöld/framlag vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Þjóðhagsstofnunar í rekstrarreikningi og undir liðnum aðrar skuldir/lífeyrisskuldbindingar í efnahagsreikningi.

Heildargjöld vegna lífeyrisskuldbindinga árið 2001 eru því 86,9 m.kr.

Framlag til ríkissjóðs

7. Framlag til ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga nr. 36/2001 svarar til 2/3 hluta hagnaðar bankans að uppfylltum lágmarksskilyrðum um fjárhæð eigin fjár. Eigið fé bankans var undir þessum mörkum í árslok 2001. Framlagið reiknast því 1/3 hluti hagnaðar skv. sömu lagagrein og nemur 262 m.kr.

Arðsjóður

8. Arðsjóður er nú færður sem hluti af óráðstöfuðu eigin fé. Ný lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 tóku gildi á árinu. Þar er ekki kveðið á um framlag í arðsjóð, en helmingur árlegra tekna hans var framlag Seðlabankans samkvæmt lögum nr. 86/1986 í Vísindasjóð.

Sundurliðun eigin fjár

9. Í árslok 2001 nam eigið fé bankans 34.436 m.kr., en 21.602 m.kr. í árslok 2000. Hækkunin skýrist á eftirfarandi hátt (í m.kr.):

M.kr.

Eigið fé í ársbyrjun	21.602,2
Framlag ríkissjóðs til stofnfjár.....	9.000,0
	<u>30.602,2</u>
Verðbreytingagjöld	3.201,2
Afkoma ársins	523,2
Eigið fé í árslok.....	<u>34.326,5</u>

Meðal eigin fjár er stofnfé bankans að fjárhæð 1 milljón króna. Ríkissjóður styrkti stofnfé bankans um 9 milljarða króna á árinu 2001. Samkvæmt fjárlögum 2002 mun ríkissjóður auka stofnfé bankans um 4,5 milljarða króna á því ári.

10. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í milljónum króna á verðlagi hvers árs):

	1997	1998	1999	2000	2001
Eigið fé í ársbyrjun	15.435	16.654	17.969	18.682	21.602
Arðsjóður í ársbyrjun	(1.267)	(1.412)	(1.557)	(1.702)	(1.847)
	14.168	15.242	16.412	16.981	19.755
Framlag ríkissjóðs til stofnfjár					9.000
Framlag í arðsjóð	-	-	(145)	(145)	
Verðbreytingagjöld	287	191	391	1.885	3.201
Hagnaður fyrir framlag	1.181	1.510	916	1.702	785
Framlag til ríkissjóðs	(394)	(531)	(594)	(668)	(262)
Arðsjóður fluttur í óráðstafað eigið fé	-	-	-	-	1.847
	15.242	16.412	16.980	19.755	34.327
Arðsjóður í árslok	1.412	1.557	1.702	1.847	-
Eigið fé í árslok	16.654	17.969	18.682	21.602	34.327

Heildareign í árslok (millj. kr.)	64.411	74.975	90.291	102.076	116.144
Hlutfall eigin fjár og heildareigna í %	25,9	24,0	20,7	21,2	29,6

11. Á árinu 2001 námu laun og þóknanir til bankaráðs og bankastjórnar 41 m.kr. Samkvæmt nýjum lögum um Seðlabanka Íslands var fulltrúum í bankaráði fjölgað úr fimm í sjö á árinu 2001.

12. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða útistandandi 75% af heildarandvirði hlutabréfa í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS), verði kallað eftir því. Sú fjárhæð nemur 375 m.kr.

- Í gildi er samningur um skammtímalánaafyrirgreiðslu við seðlabanka Norðurlandanna að Finnlandi undanskildu. Seðlabankinn hefur skv. honum skuldbundið sig til að lána allt að 100 milljónir evra, en getur fengið að láni allt að 200 milljónir evra.
- Seðlabankinn gerði gjaldmiðlaskiptasamning í lok ársins, þar sem bankinn skuldbatt sig til að selja dollara fyrir krónur á fjórum gjaldögum fyrstu fjóra mánuði ársins 2002, alls að upphæð USD 38,5 milljónir. Á móti fær bankinn greiddar 4,1 ma.kr. Áfallnir vextir og og áfallinn gengismunur af þessum samningi er tekjufærður og færður til eignar í ársreikningi, alls að upphæð 131 m.kr.

Þróun afkomu bankans

Laun og þóknanir til yfirstjórnar

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

	2001	2000
	Þús. kr.	Þús. kr.
Laun og launatengd gjöld	13.	
Laun	476.055	425.153
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	8.624	10.954
Launatengd gjöld	82.415	73.958
	<u>567.094</u>	<u>510.065</u>
Annar rekstrarkostnaður	14.	
Aðkeypt þjónusta		
Sérfræðistörf	5.671	3.598
Póst- og símagjöld	14.699	12.634
Tryggingar	5.999	5.287
Auglýsingar	2.647	3.837
Upplýsingamiðlun	20.162	14.208
Tölvuvinnsla	34.954	37.157
Öryggisvarsla	8.482	8.837
Aðkeyptur akstur	3.206	2.600
	<u>95.820</u>	<u>88.158</u>
Eignir og lausafjármunir		
Húsnæði	3.692	331
Rafmagn og hiti	8.411	8.480
Hreingerningar og ræstivörur	6.792	4.878
Viðhald o.fl.	11.895	12.894
Tölvu- og skrifstofubúnaður	20.295	11.877
Viðhald og viðgerð búnaðar	5.647	5.516
Bóka- og myntsafn, listaverk	13.542	10.312
Bifreiðar	2.370	3.926
Bifreiðarekstur	5.223	4.679
	<u>77.867</u>	<u>62.893</u>
Ýmsir rekstrarliðir		
Ritföng, prentun o.fl.	3.544	3.816
Gestamóttaka og fundahöld	12.020	7.508
Ferðakostnaður	28.627	24.827
Fræðslumál	11.912	12.936
Starfsmannaþjónusta	8.282	8.973
Útgáfustarfsemi	10.099	10.830
Óskiptur kostnaður	2.820	3.360
	<u>77.304</u>	<u>72.250</u>

	2001	2000
	Þús. kr.	Þús. kr.
Sérstakir rekstrarliðir		
Kostnaður við seðla og mynt	17.508	76.526
Sérstök verkefni og fjárframlög	8.735	12.470
Fasteignagjöld	40.179	35.691
	<u>66.422</u>	<u>124.687</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>317.413</u>	<u>347.988</u>
15.		
Húsaleiga	45.079	40.989
Umsjón spariskírteina ríkissjóðs	54.427	29.677
Gíróafgreiðslugjöld	27.429	28.677
Aðrar tekjur	5.819	9.261
	<u>132.754</u>	<u>108.604</u>

Aðrar rekstrartekjur

VIÐAUKAR

FJÁRMÁLAANNÁLL 2001

Janúar 2001

Hinn 10. janúar sendi Búnaðarbanki Íslands hf. frá sér fréttatilkynningu um að bankanum hafi borist tilkynning frá Fjármálaeftirlitinu 5. janúar. Fram kemur að Fjármálaeftirlitið telji nauðsynlegt að rannsaka frekar viðskipti Búnaðarbankans hf. og Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans með hlutabréf í Pharmaco hf. tímabilið frá 7. júní 1999 til mars 2000. Fram kemur það mat Fjármálaeftirlitsins að Búnaðarbankinn hf. og Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hafi búið yfir trúnaðarupplýsingum umrætt tímabil.

Hinn 24. janúar greip Seðlabanki Íslands inn í viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri eftir að gengisvísitala íslensku krónunnar hafði stigið hratt eftir að markaðurinn var opnaður kl. 9:15. Seðlabankinn seldi Bandaríkjadali fyrir 2,06 ma.kr. sem varð til þess að ró komst á markaðinn.

Hinn 26. janúar var undirritaður samningur á milli Seðlabanka Íslands og þýska bankans DePfa Europe um lánsheimild að fjárhæð 250 milljónir Bandaríkjadala. Mun lánsamningurinn auka svigrúm Seðlabankans til aðgerða á gjaldeyrismarkaði.

Febrúar 2001

Hinn 7. febrúar sendi bandaríska matsfyrirtækið Moody's í New York frá sér frétt þar sem tilkynnt er að fyrirtækið hafi staðfest lánsþæfismat sitt fyrir Ísland. Í fréttinni segir Moody's að horfur um lánsþæfismatið séu taldar stöðugar í nýrri skýrslu fyrirtækisins um Ísland. Þessi niðurstaða endurspeglar verulega bættu skuldastöðu opinbera geirans og staðfestu stjórnvalda í hagstjórn sem lagt hefur grunn að öflugum hagvexti, stöðugleika og miklum lífskjarabata á liðnum árum. Umfangsmiklar skipulagsbreytingar á síðasta áratug hafa falið í sér styrkingu á fjármálum hins opinbera, aukið fjálsræði á fjármála- og vörumarkaði, aukna fjölbreytni í framleiðslu og útflutningi, bættu stjórn fiskveiða og fjálslyndari viðhorf til erlendar fjárfestingar. Moody's varar á hinn

bóginn við því að miklum hagvexti hafi fylgt alvarlegt ójafnvægi í þjóðarþúskapnum sem gæti grafið undan efnahagslegum stöðugleika á komandi tíð.

Lánasýsla ríkisins tilkynnti um niðurstöður útboðs á RIKB 07 0209. Um er að ræða ný óverðtryggð ríkisbréf, kúlubréf, sem bera ekki vexti og falla í gjalddaga 9. febrúar 2007.

Hinn 13. febrúar var tilkynnt að í framhaldi af kaupum Kaupþings hf. og samstarfsaðila á meirihluta hlutafjár í Frjálsa fjárfestingarbankanum hafi verið ákveðið að hætta starfsemi Markaðssviðs Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

Mars 2001

Hinn 16. mars fór fram útboð á ríkisvixlum hjá Lánasýslu ríkisins. Var þetta síðasta útboðið sem féll undir samning varðandi nýtt aðalmiðlara-kerfi með ríkisvixla og viðskiptavakt með þá á eftirmarkaði.

Frá 23. mars til 27. mars þurfti Seðlabanki Íslands ítrekað að selja Bandaríkjadali fyrir krónur með það að markmiði að verja vikmörk íslensku krónunnar. Alls voru seldir dalir fyrir 6,8 ma.kr. Helsta ástæða óróans var óvissa um niðurstöður aðalfundar Seðlabankans sem auglýstur hafði verið 27. mars.

Hinn 27. mars undirrituðu Seðlabanki Íslands og forsætisráðherra yfirlýsingu um breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála á Íslandi sem tóku gildi 28. mars 2001. Í stað þess að miða peningastefnuna við að halda gengi krónunnar innan vikmarka mun Seðlabankinn hér eftir miða hana við að halda verðbólgu sem næst 2½% með ákveðnum þolmörkum. Ríkisstjórnin veitir Seðlabankanum fullt svigrúm til að beita stjórnartækjum sínum í því skyni að ná verðbólgu markmiði sínu.

Samhliða tilkynningu um breytta peningamálastefnu tilkynnti Seðlabankinn um 0,5 prósentustiga vaxtalækkun í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir.

Apríl 2001

Hinn 17. apríl tók ríkissjóður lán að fjárhæð 250 milljónir evra með milligöngu Dresdner Bank.

Hinn 26. apríl var Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. tekinn af skrá Verðbréfaþings Íslands. Kaupþing hf. og aðilar sem stóðu sameiginlega að kaupum á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. hafa eftir yfirtökutilboð eignast 98,64% af heildarhlutafé félagsins og uppfyllir það því ekki lengur skilyrði til skráningar á Verðbréfaþingi Íslands hf.

Mái 2001

Hinn 4. maí birti Seðlabanki Íslands fyrstu verðbólguþá sína eftir að bankinn tók upp verðbólgu markmið. Seðlabankinn spáði því að verðbólga á seinni hluta þessa árs gæti orðið allt að 6% og yrði 5,7% yfir árið. Spáin byggðist á þeim forsendum að gengi krónunnar yrði óbreytt frá 26. apríl út spátímum og að ekki yrði röskun á kjarasamningum.

Hinn 4. maí tilkynnti alþjóðalánshæfismatsfyrirtækið Fitch að það hefði gefið Landsbanka Íslands hf. lánsþæfiseinkunnina A fyrir langtímalán og F1 fyrir skammtímalán. Einkunnin F1 er besta einkunn sem fyrirtækið gefur. Að íslenska ríkinu undanskildu hefur enginn íslenskur lántakandi fengið betri lánsþæfiseinkunn.

